

Ástæður skilnaða og sambúðarslita

*Ýmsir tilgreindir áhættuþættir fráskilinna hjóna og para sem skildu eða
slitu sambúð hjá sýslumanninum í Reykjavík
á árunum 2005 og 2006*

Edda Hannesdóttir

Lokaverkefni til MS - gráðu

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið

Ástæður skilnaða og sambúðarslita

*Ýmsir tilgreindir áhættuþættir fráskilinna hjóna og para sem skildu eða
slitu sambúð hjá sýslumanninum í Reykjavík
á árunum 2005 og 2006*

Edda Hannesdóttir

Lokaverkefni til meistaraþráðu í sálfræði

Leiðbeinendur: Jón Friðrik Sigurðsson og Sigurður J. Grétarsson

Meðleiðbeinendur: Hafrún Kristjánsdóttir og Linda Bára Lýðsdóttir

Samstarfsaðili: Gísli H. Guðjónsson

Sálfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til meistaraþráðu í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Edda Hannesdóttir 2012

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2012

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til meistaraþrófs í sálfræði við sálfræðideild Háskóla Íslands.

Ritgerðin er 60 ECTS einingar og ber titilinn *Ástæður skilnaða og sambúðarslita Ýmsir tilgreindir áhættuþættir fráskilinna hjóna og para sem skildu eða slitu sambúð hjá sýslumanninum í Reykjavík á árunum 2005 og 2006.*

Hér var kannað hvað fráskilið fólk og þeir sem höfðu slitið skráðri sambúð teldi að leitt hefði til skilnaðar síns og maka.

Þakkir

Friðrik H. Jónsson (1951-2010) leiðbeinandi minn sem gerði mér kleift að hefja meistaranám. Blessuð sé minning hans.

Jón Friðrik Sigurðsson, leiðbeinandi minn fær bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og ganglegar ábendingar.

Sigurður J. Grétarsson, leiðbeinandi minn fær bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og ganglegar ábendingar.

Hafrún Kristjánsdóttir, fær bestu þakkir fyrir alla hennar aðstoð, hvatningu, tölfræðiábendingar og hafa trú á mér alla leið.

Linda Bára Lýðsdóttir, fyrir alla þá hvatningu og aðstoð sem hún veitti mér.

Gísli H. Guðjónsson fyrir gagnlegar ábendingar og góða viðkynningu.

Eyrún Guðmundsdóttir fyrir ómetanlega aðstoð við að gera mér kleift að framkvæma þessa rannsókn.

Starfsfólk sýslumannsins í Reykjavík, fyrir góða viðkynningu og aðstoð.

Allir þeir þátttakendur sem tóku þátt í rannsókninni fá sérstakar þakkir fyrir framlag sitt til rannsóknarinnar. Án þeirra væru þessar upplýsingar ekki til.

Maðurinn minn, Einar Snorri Sigurjónsson fær þakkir fyrir þolinmæði, góða skapið og allan stuðninginn. Börnin mín Guðrún Birna Einarsdóttir og Ragnar Einarsson fá óendanlegar þakkir allan þeirra stuðning og að vera ávallt til staðar til að aðstoða mig við að greiða úr hinum ýmsu vandamálum sem upp komu.

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um hvað fráskilið fólk teldi að leitt hefði til skilnaðarins. Tilgreindar orsakir þátttakenda voru meðal annars skoðaðar með tilliti til kyns og menntunar. Skoðað var hvort núverandi hjúskaparstaða þátttakenda tengdist því hversu sáttur viðkomandi var við þá ákvörðun að skilja; tengslamyndun (*attachment style*) og lífsgæðum hans. Helstu niðurstöður sýndu að þær ástæður sem fólk tilgreinir oftast eru sambærilegar þeim sem fram koma í erlendum rannsóknum eins og að viðkomandi áttu ekki lengur samleið, ástleysi, samskiptaerfiðleikar, ágreiningur um forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda og áfengis-og fíkniefnavandamál. Konur tilgreindu framhjáald maka, áfengis-og vímuefnavandamál maka og andlegt ofbeldi maka oftast en karlar. Þeir sem eru einhleypir þegar spurningalistanum var svarað tilgreindu frekar framhjáald maka síns sem orsök skilnaðar en þeir sem voru komnir í nýtt samband. Meirihluti foreldra þátttakenda hafði ekki skilið eða slitið sambúð sem er ekki sambærilegt við erlendar niðurstöður. Samkvæmt niðurstöðunum virðist ágreiningur um forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda vera stór áhættuþáttur fyrir skilnaði og er oftast tilgreindur af konum en körlum.

Draga má þá ályktun að aðkoma sérfræðinga að vandamálum í parasambandi gæti verið mjög árangursrík þar sem helstu vandamálin tengjast hegðun og tilfinningum.

Abstract

The purpose of this research was to acquire information from divorced individuals on what they thought had caused their divorce. The reasons reported by participants were investigated with relation to gender and education and whether their present marital status was related to the degree to which the divorced person was content with the decision to divorce, his attachment style and quality of life. The main results indicated that the causes most frequently reported by people are comparable to those given in similar research in other countries like; have grown apart, loss of love, communication issues, disagreement on prioritisation at home, family and free time, alcohol and drug abuse. Women reported infidelity of partners, alcohol and drug abuse and psychological abuse more frequently than males. Single individuals reported partner's infidelity more often as reason for divorce than those who had begun another relationship. Majority of participants' parents had not divorced or ended relationship which does not compare to results from research abroad. Results furthermore indicate that prioritisation of home, family and free time is a risk factor for women in relation to divorce. This point to the importance of expert involvement in relationship issues where the main problems pertain to behavioural and emotional factors.

Efnisyfirlit

Formáli	5
Þakkir	4
Útdráttur	5
Abstract	6
Efnisyfirlit	7
Mynda- og töfluyfirlit	9
1 Inngangur	10
1.1 Hjónaband, sambúð og skilnaður.....	12
1.2 Af hverju skilur fólk?.....	13
1.3 Rannsóknir á skilnuðum og skilnaðarorsökum.....	13
1.3.1 Skilnaðir á Íslandi.....	13
1.3.2 Erlendar skilnaðarrannsóknir.....	14
1.4 Orsakir skilnaða.....	15
1.4.1 Tilfinningalegar, meintar orsakir.....	15
1.4.1.1 <i>Framhjáald</i>	15
1.4.1.2 <i>Samskiptaerfiðleikar, ósætti og að eiga ekki lengur samleið</i>	17
1.4.1.3 <i>Áfengis- og vímuefnavandamál</i>	17
1.4.1.4 <i>Andlegt og líkamlegt ofbeldi maka</i>	18
1.4.1.5 <i>Geðræn vandamál</i>	20
1.4.2 Lýðfræðilegir og stöðulegir þættir.....	21
1.4.2.1 <i>Fjárhagsvandamál, samræming vinnu, heimilisstarfa, fjölskyldu og frístunda</i>	21
1.4.2.2 <i>Menntun</i>	22
1.4.2.3 <i>Skilnaður foreldra og síðar barna þeirra</i>	23
1.5 Frumkvæði að skilnaði og sátt við skilnað.....	24
1.6 Ráðgjöf.....	24
1.7 Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir.....	25
1.8 Tilfinningatengsl á fullorðinsárum.....	27
1.8.1 Tengslamyndun og skilnaðir.....	30
1.9 Lífsgæði og heilsa fólks eftir hjúskaparstöðu.....	30
1.10 Samantekt inngangs.....	32
1.10.1 Tilfinningalegar og meintar tilgreindar orsakir.....	32
1.10.2 Lýðfræðilegir og stöðulegir þættir.....	33
1.10.3 Frumkvæði að skilnaði.....	33
1.10.4 Ráðgjöf.....	34
1.10.5 Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir.....	34
1.10.6 Tilfinningatengsl á fullorðinsárum og skilnaðar.....	34
1.10.7 Lífsgæði og heilsa eftir hjúskaparstöðu.....	35
2 Aðferð	36
2.1 Þátttakendur.....	36

2.2	Mælitæki	37
2.3	Framkvæmd	39
3	Niðurstöður	40
3.1	Orsakir skilnaða.....	40
3.2	Tilgreindar orsakir eftir kyni	42
3.2.1	Marktækur munur eftir kyni.....	42
3.2.2	Ágreiningur sem orsök skilnaðar	44
3.2.3	Menntun og skilnaður foreldra	44
3.2.4	Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir	44
3.3	Tengslamyndun þátttakenda eftir hjúskaparstöðu.....	48
3.4	Lífsgæði og núverandi hjúskaparstaða	48
4	Umræða.....	49
4.1	Aðferðafræðileg vandamál	49
4.2	Samanburður við erlendar rannsóknir.....	49
4.3	Orsakir skilnaða.....	50
4.3.1	Tilgreindar meintar orsakir eftir kyni.....	50
4.3.2	Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir	52
4.4	Tengslamyndun og skilnaðir	53
4.5	Lífsgæði og heilsa eftir hjúskaparstöðu	53
5	Lokaorð	54
	Heimildaskrá	55
	Viðaukar	62

Mynda- og töfluyfirlit

Mynd 1. Fjöldi þátttakenda	37
Tafla 1. Skipting svarenda eftir skilnaðarformi	37
Tafla 2. Yfirlit yfir núverandi hjúskaparstöðu, menntun og skilnað foreldra	40
Tafla 3. Tilgreindar orsakir eftir kyni og heildarsvör.	41
Tafla 4. Tilgreindar orsakir (samtals af minni hálfu, maka eða beggja) eftir kyni.	43
Tafla 5. Núverandi hjúskaparstaða svarenda eftir kyni, menntun, skilnaði foreldra, sáttur/ur ósátt/ur við skilnað og hvort ráðgjafar var leitað til að hindra skilnað.	45
Tafla 6. Tilgreindar orsakir skilnaða eftir núverandi hjúskaparstöðu.	46
Tafla 7. Marktækur munur á orsökum eftir hjúskaparstöðu.....	47
Tafla 8. Marktektarpróf á tegundum tengslamynda og lífsgæða svarenda eftir núverandi hjúskaparstöðu.....	48

1 Inngangur

Í þessari ritgerð er sagt frá niðurstöðum rannsóknar þar sem fráskilið fólk var spurt um hvað það telji að leitt hafi til skilnaðar eða sambúðarslita. Slík rannsókn á skilnaðarorsökum, sem geta verið margar og mismunandi, hefur ekki verið gerð áður hér á landi svo vitað sé. Þátttakendur voru þeir sem fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng, óskuðu eftir beinum lögskilnaði eða slitu skráðri sambúð (hér eftir verður notað orðið „skilnaður“ yfir þessi þrjú skilnaðarform) á árunum 2005 og 2006 hjá sýslumanninum í Reykjavík. Spurningalisti sem samanstóð af ýmsum minni spurningalistum var sendur þátttakendum í pósti. Fyrir utan ástæður og orsakir skilnaðar var meðal annars spurt um hvor aðilinn, annar eða báðir hafi átt frumkvæðið að skilnaðnum, hvort viðkomandi hafi verið sáttur eða ósáttur við þá ákvörðun að skilja og hvort viðkomandi hafi gifst eða hafið sambúð á ný. Spurningalisti um nán sambönd fullorðinna og tengslamyndun þeirra (*attachment style*) var einnig lagður fyrir. Í lokin var spurningalisti um lífsgæði þátttakenda sem fól meðal annars í sér spurningar um heilsu og heilbrigði.

Markmiðið með þessari rannsókn er að afla upplýsinga um hvaða ástæður fráskilið fólk telur að leitt hafi til skilnaðar síns og maka og hvort um kynjamun á tilgreindum ástæðum sé að ræða. Niðurstöðurnar verða síðan bornar saman að því marki sem hægt er við niðurstöður sem fram hafa komið í erlendum rannsóknum.

Niðurstöður úr íslenskri rannsókn sem þessari geta orðið mikilvægt innlegg í faglega umræðu til aðstoðar fólki í sambandserfiðleikum og ekki síður eftir skilnað. Forsendur þess að unnt sé að aðstoða fólk í skilnaðarhugleiðingum er að gera sér grein fyrir hvaða áhrifabættir liggja að baki því að fólk vill taka ákvörðun um að skilja, en þar koma til bæði félagslegar og sálfræðilegar ástæður. Allir þeir sem á einhvern hátt koma að meðferð fólks í sambandserfiðleikum gætu nýtt sér niðurstöður þessarar rannsóknar. Þær staðfesta ákveðnar vísbendingar sem fram hafa komið hjá meðferðaraðilum í hjóna- og pararáðgjöf um hvaða vandamál fólk tilgreinir að geti verið til staðar í hjónabandi eða sambúð. Út frá þeirri þekkingu er hægt að skipuleggja og útbúa efni sem gæti nýst við ráðgjöf og námskeiðshald fyrir fólk sem er að hefja sambúð sem og fyrir fólk í sambandserfiðleikum. Slíkar upplýsingar gætu hjálpað fólki annars vegar að gera sér grein fyrir hvað beri að varast og hins vegar geta þær verið leiðbeinandi um hvernig ber að leysa úr ágreiningi.

Hér verður gerð grein fyrir rannsóknarspurningum og almennum upplýsingum um tíðni hjónabanda og skilnaða hér á landi samanborið við nágrannalönd okkar. Einnig er farið yfir almennar upplýsingar um þau lög sem gilda hérlandis um lok hjónabands og slit á skráðri sambúð.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru settar fram:

Rannsóknarspurning 1.

Hvað telja frásildir að hafi stuðlað að skilnaðnum? Er munur á því hvað fólk telur að leitt hafi til skilnaðarins eftir kyni og menntun? Skildu foreldrar þátttakenda?

Rannsóknarspurning 2.

Er marktækur munur eftir tilgreindum orsökum skilnaðar hjá þeim sem hafa hafið nýja sambúð eða farið í hjónaband á ný? (Liðin eru fimm til sex ár frá skilnaði).

Eru ákveðin atriði sem einkenna þá sem ekki hefja nýja sambúð eða hjónaband eins og hvort foreldrar hafi skilið, hversu sátt fólk var við þá ákvörðun að skilja og hvort kynjamunur sé á hver eigi oftast frumkvæðið að því að óska eftir skilnaði?

Rannsóknarspurning 3.

Er munur á tengslamyndun þeirra sem hafa hafið nýja sambúð eða hjónaband og þeirra sem ekki hafa gert það?

Rannsóknarspurning 4.

Er munur á lífsgæðum þeirra sem eru einhleypir og þeirra sem eru það ekki?

1.1 Hjónaband, sambúð og skilnaður

Eitt af því þýðingamesta sem flestir stefna að í lífinu er að finna sér maka og þróa og viðhalda langtímasambandi við hann. Farsæld og vonbrigði í þessum samböndum hafa mikil áhrif á hamingju og velgengni fólks. Að fá innsýn í þróun sambands frá því að fólk laðast að hvort öðru er mikilvægt bæði fyrir viðkomandi, rannsakendur sem og meðferðaaðila (Holmes og Johnson, 2009).

Síðastliðin 25 ár hefur skilnaðartíðni hér á landi verið að mestu óbreytt eða um og yfir 40%. Á vef Hagstofu Íslands kemur fram að á árunum 2006-2010 hafi að meðaltali 37% hjónabanda endað með skilnaði. Árið 2010 kom til 563 lögskilnaða og var 594 skráðum sambúðum slitið. Fjöldi barna undir 18 ára sem tengdust þessum skilnuðum var 1171, þar af 641 lögskilnaðarbarn og 530 börn úr sambúðarslitum (Hagstofan, e.d.). Samtals voru því 3485 manns, foreldrar og börn þeirra beinir aðilar að skilnuðum þetta eina ár. Þar fyrir utan tengjast skilnaði oftast afar, ömmur, vinir og vandamenn.

Þróun giftinga og hjónaskilnaða hér á landi er svipuð og í nágrannalöndunum. Frá árinu 1995 hefur giftingum fjölgað á öllum Norðurlöndunum nema í Danmörku. Aðeins í Noregi og Finnlandi hefur hjónaskilnuðum fækkað. Árið 2010 var tíðni lögskilnaða hæst í Svíþjóð og Finnlandi en það voru 7,4 hjónaskilnaðir á hverja 1000 gífta einstaklinga í Svíþjóð, 6,8 í Finnlandi, 6,6 í Danmörku, 5,7 í Noregi, 5,2 á Íslandi og Álandseyjum og að lokum 4,9 í Færeyjum (Haagensen, 2011).

Í íslenskum lögum er munur á meðhöndlun skilnaða eftir því hvort um er að ræða lok hjónabands eða slit á skráðri sambúð. Lögskilnaður markar lok hjónabands. Skilnaður að borði og sæng er oft undanfari lögskilnaðar en einnig geta hjón við ákveðnar aðstæður fengið það sem nefnt er beinn lögskilnaður; það er lögskilnað án undangengins skilnaðar að borði og sæng. Hjón sem una ekki lengur saman í hjónabandi geta óskað eftir skilnaði að borði og sæng hjá sýslumanni ef báðir aðilar eru sammála um það en ef ekki þá getur hvort þeirra sem er leitað til dómstóla. Sex mánuðum eftir að leyfi hefur fengist til skilnaðar að borði og sæng geta hjón óskað eftir lögskilnaði ef þau eru sammála um það. Ef þau hins vegar búa áfram saman langt fram yfir þetta sex mánaða tímabil fellur skilnaður að borði og sæng niður.

Til að fá leyfi til beins lögskilnaðar án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng þarf annar aðilinn að hafa orðið uppvís að tvíkvæni, hjúskaparbroti, líkamsárás eða kynferðisbroti. Einnig er möguleiki á beinum lögskilnaði ef hjón hafa ekki búið saman vegna ósamlyndis í tvö ár eða lengur. Milli hjóna ríkir ávallt framfærsluskylda þar til lögskilnaður hefur verið veittur. Lífeyri þarf annað hjónanna ekki að greiða hinu nema við sérstakar aðstæður (Hjúskaparlög, nr. 31/1993).

Skráðri sambúð er hægt að slíta með því að senda tilkynningu til Þjóðskrár Íslands

um breytt heimilisfang. Ef aðilar eiga saman barn undir 18 ára aldri þarf að mæta til sýslumannsembættis og tilkynna fyrirkomulag forsjár og meðlags við sambúðarslit (Sýslumenn á Íslandi, e.d.).

Árið 2006 var samþykkt breyting á barnalögum hér á landi þess efnis að foreldrar hafi sameiginlega forsjá með barni sínu eftir skilnað og slit á skráðri sambúð nema annað sé ákveðið með samningi eða dómi. Foreldrar með sameiginlega forsjá þurfa áfram að ákveða hjá hvoru þeirra barnið eigi lögheimili og búi að staðaldri (Barnalög nr. 69/2006). Meðlag barna þarf einnig að ákveða ásamt fjárskiptum milli hjóna. Þá er skylda foreldra að tryggja umgengni barnsins við það foreldri sem það hefur ekki lögheimili hjá (Barnalög nr. 76/2003).

1.2 Af hverju skilur fólk?

Fjölmargar ástæður geta legið að baki þess að þar í sambúð eða hjón ákveði að skilja en enginn skilnaður er eins. Niðurstöður rannsókna skilnaðarorsaka gefa vissar vísbendingar en ná ekki að svara spurningunni til fulls. Persónuleiki, ytri aðstæður, félagsleg og menningarleg gildi, fjárhagur og margt annað getur haft áhrif á að til skilnaðar komi (de Vaus, 2004). Ágreiningur um heimilisstörf og frítíma er þekkt vandamál. Þær breytingar sem fylgja barneignum geta valdið álagi og ágreiningi. Samband tveggja aðila virðist ákjósanlegt í upphafi sambands. Þetta mat getur breyst þegar annar eða báðir aðilar átta sig á að væntingar þeirra til sjálfs síns eða maka standast ekki. Það reynir mikið á samband og sambúð aðila þegar fólk tekst á við uppeldi barna, stundum umönnun aldraðra foreldra, starfsframa, fjárhagsáhyggjur, heimilisstörf og jafnvel veikindi.

1.3 Rannsóknir á skilnuðum og skilnaðarorsökum

1.3.1 Skilnaðir á Íslandi

Á Íslandi hafa ekki verið gerðar rannsóknir á skilnaðarorsökum hjá fólki sem hefur skilið. Rannsóknir hér á landi hafa margar hverjar fjallað um umgengni og forsjármál við skilnað og sambúðarslit og verður vitnað í nokkrar þeirra síðar. BA ritgerð sem höfundur gerði ásamt Elsu Ingu Konráðsdóttur hjá sýslumanninum í Reykjavík fjallaði um upplýsingar um skilnaði og sambúðarslit, tíðni þeirra, lengd, aldur fólks, hvernig samið var um forsjármál, umgengni og meðlag (árin 2000, 2002 og 2004). Niðurstöður sýndu meðal annars að við skilnað og sambúðarslit var sjaldan tekin fyrir umgengni þess aðila sem barnið hafði ekki lögheimili hjá. Dæmi um algengustu lengd hjónabands árið 2004 var fjögur ár og algengasta lengd sambúðar var eitt ár. Algengasti aldur fólks við skilnað að borði og sæng sama ár var sá sami hjá konum og körlum eða 39 ár. Algengasti aldur

við sambúðarslit sama ár var 31 ár hjá körlum og 29 ár hjá konum. Samanborið við árin 2000 og 2002 í sömu rannsókn virðist aldur fólks við skilnað og sambúðarslit vera svipaður milli ára (Edda Hannesdóttir og Elsa Inga Konráðsdóttir, 2005).

1.3.2 Erlendar skilnaðarrannsóknir

Margar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis á skilnuðum en aðeins nokkrar hafa verið gerðar á einstaklingsbundnu viðhorfi skilnaðarfólks til orsaka hans svo vitað sé. Með rannsóknum á einstaklingsbundnu viðhorfi er átt við hvaða orsakir fólk, sem hefur skilið, telur að leitt hafi til skilnaðar síns og maka. Þar ber hæst ástralska rannsóknin þeirra Wolcott og Hughes (1999) sem gerð var fyrir yfirvöld þar í landi og bandaríska rannsóknin þeirra Amato og Previti (2003). Framangreind rannsókn Amato og Previti byggði á 17 ára langtímarannsókn þar sem kannaður var stöðugleiki hjónabanda og fór hún fram á árunum 1980-1997 með símaviðtölum. Úrtakið var 2033 giftir aðilar (ekki hjón). Rannsóknin hófst árið 1980 og var haft samband aftur við þátttakendur árin 1983, 1988, 1992 og 1997 (Booth, Amato og Johnson, 1998). Á þessu tímabili tóku 274 þátttakendur það fram að þeir hefðu skilið við maka sinn og 208 aðilar af þeim samþykktu að taka þátt í skilnaðarrannsókn Amato og Previti árið 2003. Þátttakendur í þeirri rannsókn voru 77 karlar og 131 kona. Þetta var símaviðtal þar sem spurt var opinnar spurningar: *Hvaða telur þú að hafi valdið skilnaðnum?* („*What do you think caused the divorce?*“). Hægt var að gefa upp eina eða fleiri ástæður. Svörin voru síðan flokkuð í 18 atriði, sem sýndu heildarsvör og kynjaskiptingu svara. Niðurstöður Amato og Previti (2003) sýndu að algengasta skilnaðarorsök sem fólk tilgreindi var framhjáald, síðan ósætti og áfengis- og vímuefnamisnotkun, áttum ekki lengur samleið, persónuleikavandamál, samskiptaörðugleikar og líkamlegt og andlegt ofbeldi. Amato hefur í samstarfi við hina ýmsu rannsakendur gert fjölda rannsókna úr niðurstöðum gagna þessarar langtímarannsóknar og verður nokkurra þeirra getið hér í inngangi.

Áströlsk yfirvöld fengu *Australian Institute of family studies* til að sjá um rannsókn á meginorsök skilnaða og áhrif hans á viðkomandi aðila. Hún var hluti af stærra rannsóknarverkefni *The Australian Divorce Transitions Project* sem var símakönnun og náði til 650 manns (361 kona og 289 karlar) sem höfðu skilið eftir janúar 1988. Það kom í hlut rannsakendanna Wolcott og Hughes (1999) að draga saman niðurstöður úr gögnunum. Í rannsókninni átti fólk aðeins að gefa upp eina meginorsök þess hvað það taldi að leitt hefði til skilnaðarins. Helstu niðurstöður Wolcott og Hughes (1999) voru að flestir tilgreindu samskiptaörðugleika sem meginorsök skilnaðar, síðan ósætti og að eiga ekki lengur samleið, framhjáald, áfengis- og vímuefnavandamál og líkamlegt eða

andlegt ofbeldi.

Rannsóknin í Ástralíu er ólík rannsókn Amato og Previti (2003), sem gerð var grein fyrir hér að framan, að því leyti að þar mátti fólk aðeins nefna eina meginorsök skilnaðarins. Hjá Amato og Previti mátti fólk nefna fleiri en eina orsök þó minnihluti hefði gert það. Hér í þessari rannsókn var gefinn kostur á að svara eins mörgum atriðum og spurt var um. Niðurstöðurnar verða bornar saman við þær erlendu að því marki sem kostur er og kannað hvort ákveðnar vísbendingar sem fólk tilgreinir sem orsök séu sambærilegar milli landa.

1.4 Orsakir skilnaða

Orsakir skilnaða geta verið af ýmsum toga. Þær geta verið tilfinningalegar og tengst hegðun og það eru slíkar orsakir sem fólk tilgreinir oftast. Hins vegar er vert að skoða aðra þætti sem gætu haft áhrif að til skilnaðar komi. Þar má nefna lýðfræðilega og stöðulega þætti á borð við menntun, skilnað foreldra, fjárhagsvandamál og samræmingu vinnu og heimilis. Hér á eftir verður fjallað nánar um þessi atriði, fyrst hinar tilfinningalegu, meintu orsakir og síðan lýðfræðilega og stöðulega þætti ásamt tengslamyndun (*attachment style*) sem gætu beint eða óbeint tengst því að til skilnaðar komi.

1.4.1 Tilfinningalegar, meintar orsakir

Í þessari rannsókn voru þátttakendur meðal annars spurðir um eftirfarandi atriði sem oft eru nefnd í erlendu rannsóknunum:

- *Framhjáhald*
- *Samskiptaerfiðleikar og ósætti*
- *Áfengis og vímuefnavandamál*
- *Andlegt og líkamlegt ofbeldi maka*
- *Geðræn vandamál*

1.4.1.1 Framhjáhald

Framhjáhald er skilgreint sem yfirleitt leynilegt, kynferðislegt, rómantískt eða tilfinningalegt samband. Það getur ógnað og eyðilagt grunnstoðir hjónabands sem byggist fyrst og fremst á trausti, nánd og virðingu. Fólk sem verður fyrir framhjáhaldi maka getur fundist það svikið og því fylgir mikil vanlíðan og kvíði. Oft getur verið um að ræða eitt einstakt tilfelli framhjáhalds án þess að um tilfinningasamband sé að ræða og er mismunandi hvort að sá sem haldið var framhjá fyrirgefur gjörninginn. Einnig getur sá sem heldur framhjá bundist tilfinningaböndum við þann aðila sem hann heldur framhjá með og orðið fráhverfur hjónabandi sínu og farið fram á skilnað sem hinn aðilinn vill ekki

(Amato og Previti, 2004; Glass, 2002; Hall og Fincham, 2006).

Í rannsókn Amato og Rogers (1997) og Amato og Previti (2003) þar sem kannað var hvaða vandamál í hjónabandi leiddu síðar til skilnaðar kom fram að framhjáald var oftast nefnt sem orsök skilnaða. Konur tilgreindu oftast framhjáald sem orsök skilnaðar, eða í 25% tilvika, en það nefndu karlar í 16% tilvika (Amato og Previti, 2003). Tekið var fram að konur vísuðu oftast til framhjáalds maka síns en karlar.

Amato og Previti (2003) tóku fram að ekki væri hægt að segja til um hvort framhjáald var orsök eða afleiðing skilnaða. Þeir gerðu því aðra rannsókn (Previti og Amato, 2004) og könnuðu hvort framhjáald væri orsök eða afleiðing á misheppnuðu hjónabandi. Þeir komust að því að hamingja fólks í hjónabandi spái ekki fyrir um framhjáald. Þannig hefur óhamingja ekki bein áhrif á að til framhjáalds komi þó að óhamingja geti haft óbein áhrif á að fólk haldi framhjá að því marki að það auki líkur á að til skilnaðar komi. Óháð því hversu hamingjusamt fólk er í hjónabandinu þá virðist sem að það sé ekki fyrr en eftir að aðilar hafi hugleitt skilnað að þeir (eða maki) leiti sér að nýjum elskhuga (Previti og Amato, 2004). Ljóst er að erfitt er að segja til um hvort framhjáald sé í raun orsök skilnaðarins eða afleiðing óánægju í hjónabandi.

Í niðurstöðum áströlsku rannsóknarinnar (Wolcott og Hughes, 1999) var framhjáald í þriðja sæti sem meginorsök skilnaðar. Svipað kynjahlutfall tilgreindi framhjáald (eigið eða beggja) eða um 20% hjá hvoru kyni um sig.

Í rannsókn Wiederman (1997) voru notuð gögn úr árlegri bandarískri könnun „General Social Survey“ (Davis og Smith, 1994). Þátttakendur, 884 karlar og 1288 konur, voru allir giftir eða fráskildir. Um var að ræða viðtalskönnun (*face to face*). Að loknu viðtali fengu þátttakendur spurningalista með spurningum um kynlífsmál sín sem þeir skiluðu síðan í innsigliðu og órekjanlegu umslagi til spyrjenda. Meðal annars var spurt um hvort maki, hann sjálfur eða báðir aðilar hafi haldið framhjá í hjónabandi. Niðurstöður sýndu að tæplega 28% karla og um 12% kvenna höfðu haldið framhjá maka sínum. Ekki reyndist marktækur munur milli kynja. Þeir þátttakendur sem höfðu skilið höfðu oftast haldið framhjá en þeir sem ekki höfðu skilið.

Rannsóknir á framhjáaldi hafa þann galla að líkur eru á að það svari ekki allir sannleikanum samkvæmt þar sem um mjög viðkvæmt einkamál er að ræða. Þó má ætla að fólk segi frekar til um framhjáald maka en framhjáald af sinni hálfu. Hér í þessari rannsókn voru þátttakendur spurðir um framhjáald sem orsök skilnaða og er áhugavert að bera saman niðurstöður þessara erlendu rannsókna við íslenskar niðurstöður.

1.4.1.2 Samskiptaerfiðleikar, ósætti og að eiga ekki lengur samleið

Langtímarannsóknir hafa staðfest að léleg samskipti í hjónabandi er áhættuþáttur sem getur aukið líkur á skilnaði (Amato og Previti, 2003). Niðurstöður áströlsku rannsóknarinnar sýndu að meginorsök skilnaða sem þátttakendur tilgreindu voru samskiptaerfiðleikar en þeir voru tilgreindir í um 27% tilvika sem algengasta meginorsök. Karlar nefndu samskiptaerfiðleika oftast eða í 33% tilvika en konur í tæplega 23% tilvika. Ósætti og að eiga ekki lengur samleið var einn og sami svarmöguleikinn og var tilgreindur sem næst algengasta meginorsök skilnaða (21%). Karlar (22,6%) nefndu þann þátt oftast en konur (19,8%) (Wolcott og Hughes, 1999).

Í rannsókn Amato og Previti (2003) voru samskiptaerfiðleikar og ósætti ekki höfð saman sem einn svarmöguleiki eins og í áströlsku rannsókninni. Ósætti var í öðru sæti á eftir framhjáaldi yfir tilgreindar orsakir skilnaða hjá Amato og Previti. Niðurstöður sýndu lítinn sem engan kynjamun á ósætti sem orsök skilnaðar en bæði kynin tilgreindu ósætti í um 19% tilvika. Samskiptaerfiðleikar voru í sjötta sæti yfir nefndar ástæður og sýndu niðurstöður að karlar voru líklegri en konur til að nefna samskiptaerfiðleika sem orsök skilnaðar, þ.e. 13% karla en 6,1% kvenna. Samskiptaerfiðleikar og ósætti eru af svipuðum toga og oft erfitt að greina þar á milli. Því er líklegt að það flæði á milli svara vegna mismunandi túlkunar þátttakenda. Þegar um samskiptaerfiðleika er að ræða geta meðferðaraðilar aðstoðað fólk við að tjá sig og þar með fengi fólk gleggri mynd af vandamálum sínum. Það er lykilatriði að leysa úr samskiptaerfiðleikum svo hægt sé að takast á við vandamálin sem liggja að baki.

Athyglisverður er sá mismunur sem er á milli þessara tveggja rannsókna Amato og Previti og Wolcott og Hughes, þ.e. að flestir tilgreina framhjáald sem orsök skilnaða hjá Amato og Previti (2003), en framhjáald er í þriðja sæti yfir meginorsök skilnaða hjá Wolcott og Hughes (1999). Hjá Wolcott og Hughes tilgreina flestir að samskiptaerfiðleikar hafi verið meginorsök skilnaða en þeir eru í sjötta sæti í niðurstöðum Amato og Previti (2003). Áfengis- og vímuefnavandamál eru í öðru sæti hjá Amato og Previti (2003) en í fjórða sæti hjá Wolcott og Hughes (1999) og þar nefndu fáir þetta vandamál sem meginorsök skilnaða. Skýringin á tilgreindum orsökum á ósætti og samskiptavandamálum gæti legið í mismunandi túlkun þátttakenda. Mögulega getur munurinn einnig legið í því að í áströlsku rannsókninni mátti fólk aðeins tilgreina eina meginorsök.

1.4.1.3 Áfengis- og vímuefnavandamál

Það hefur löngum verið vitað að misnotkun áfengis- og vímuefna getur leitt til erfiðleika í hjónabandi. Niðurstöður rannsóknar Ostermann, Sloan og Taylors (2005) sem byggðist

á bandarískri langtímarannsókn „*US Health and Retirement Study*“ frá árinu 1995 sýndi fram á auknar líkur á skilnaði ef annað hjóna misnotaði áfengi. Hins vegar jók áfengismisnotkun beggja hjóna ekki líkur á skilnaði.

Í niðurstöðum þeirra Wolcott og Hughes (1999) kom í ljós töluverður kynjamunur á svörum um áfengis- og vímuefnamisnotkun sem meginorsök skilnaðar. Konur tilgreindu það vandamál í 11% tilvika en karlar aðeins í 2,5% tilvika. Ekki var gerður greinarmunur á því hvort um var að ræða af maka hálfu eða af hálfu svaranda sjálfs. Kynjamunur varðandi þetta atriði kom einnig fram í rannsókn Amato og Previti (2003) en tæplega 14% kvenna nefndu áfengis- og vímuefnamisnotkun sem orsök skilnaðarins á móti rúmlega 5% karla. Báðar þessar rannsóknir sýna að mun algengara er að konur tilgreini áfengis- og vímuefnavandamál sem orsök skilnaðar.

Við gerð rannsóknar minnar var leitað eftir upplýsingum um áfengis- og vímuefnavandamál hérlendis. Þær upplýsingar sem fengust hjá Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) sýna líkur á því að íslenskir karlar og konur þurfi að fara í áfengis- eða vímuefnaeðferð er mismunandi eftir aldurs skeiði. Að meðaltali eru líkur á að um 18% karla og 9% kvenna þurfi að leita sér aðstoðar á Voggi vegna áfengis- eða vímuefnavandamála. Ef líkurnar eru skoðaðar eftir aldurs skeiðum þá eru það flestir karlar á aldrinum 20-29 ára (5,6%) og flestar konur undir 20 ára aldri (2,1%). Ljóst er að karlar glíma frekar við áfengis- og vímuefnavandamál heldur en konur. Það er í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að konur tilgreina þetta vandamál maka oftast sem ástæðu skilnaðar en karlar (Amato og Previti, 2003; Wolcott og Hughes, 1999).

Áfengis og vímuefnamisnotkun getur haft í för með sér margs konar vandamál sem svarendur í rannsóknum tilgreina einnig sem orsök skilnaðar. Þar má nefna ofbeldi af ýmsu tagi. Á vef Velferðarráðuneytisins eru birtar bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar sem nú fer fram á aðgerðum barnaverndar gagnvart börnum sem verða fyrir vanrækslu og tjóni vegna áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra sinna. Þar kemur fram að í 68% tilvika eru gerendur heimilisofbeldis undir áhrifum áfengis þegar lögregla og starfsmenn barnaverndar eru kölluð til (Velferðarráðuneytið, 2012).

1.4.1.4 Andlegt og líkamlegt ofbeldi maka

Andlegt ofbeldi felur í sér yfirráð yfir öðrum og telst sem sálrænt ofbeldi. Sálrænt ofbeldi (*psychological abuse*) snýst meðal annars um að talað er niður til fólks til að valda því tilfinningalegum skaða og jafnvel hótun um líkamsmeiðingu. Ásetningur þeirra sem slíku ofbeldi beita er að koma sektarkennd að hjá þeim sem ofbeldið beinist að (Hammock og O'Hearn, 2002).

Rannsóknir hafa sýnt að bæði konur og karlar beita ofbeldi í samböndum. Í rannsókn Williams og Frieze (2005) sem fjallaði um ofbeldi í hjónaböndum var notast við gögn úr „National Comorbidity Survey“ þar sem um var að ræða 3519 þátttakendur, 1727 karlar og 1792 konur. Markmið rannsóknarinnar var meðal annars að skoða kynjamun á mismunandi ofbeldishegðun í samböndum. Niðurstöður leiddu í ljós að rúmlega 18% þátttakenda höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hálfu maka síns. Karlar höfðu oftast orðið fyrir alvarlegu ofbeldi af hendi maka eða í 3% tilvika en konur í tæplega 2% tilvika.

Árið 2010 var gerð íslensk rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Hún var liður í aðgerðaráætlun stjórnvalda og var á vegum Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RFB) fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Hún byggði á könnuninni „The International Violence against Women Survey“ sem lögð hefur verið fyrir í 11 löndum (Johnson, Ollus og Nevala, 2008). Þetta var símakönnun að hluta ásamt rannsóknum á gögnum hjá ýmsum tengdum stofnunum. Rannsóknin hér á landi náði til 3000 kvenna á aldrinum 18-80 ára sem valdar voru af handahófi. Svarhlutfall var 68%. Niðurstöður sýndu að 42% kvenna höfðu orðið fyrir ofbeldi á lífsleiðinni eða frá 16 ára aldri. Um 30% þeirra höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi en yfir 24% fyrir kynferðislegu ofbeldi. Af þessum 42% kvenna hafði um helmingur þeirra verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Nefndu 60% þeirra kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi að sá sem beitti því hafi verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Athygli vekur að um 80% þeirra kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka tilgreindu ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka sem lýsti sér þannig að hann hafði uppnefnt þær, móðgað eða komið fram við þær á þann hátt að þeim leið illa. Slík framkoma flokkast þar undir andlegt ofbeldi. Telja má að konur sem eru í nánnum samböndum þar sem maki beitir ofbeldi skilji frekar en þær sem ekki eru beittar ofbeldi. Fyrrverandi makar þeirra kvenna sem tóku þátt í rannsókninni höfðu orðið drukkinnir nokkrum sinnum í mánuði hjá um 32% svarenda á móti tæpum 14% núverandi maka. Eins og vitað er þá tengist áfengisneysla oft ofbeldi og eykur líkur á að því sé beitt (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Á Íslandi hefur verið lögð meiri áhersla á rannsóknir á ofbeldi karla gegn konum en þó er til ein könnun sem gerð var árið fyrir Dómsmálaráðuneytið og fór fram árið 1996 en í henni voru bæði kynin spurð um ofbeldi. Þetta var símakönnun og var úrtakið 3000 manns tekið á landsvísu. Tölur yfir líkamlegt ofbeldi af völdum maka, bæði núverandi og fyrrverandi, sýndu að konur höfðu oftast orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka (9,0%) en núverandi maka (4,8%). Það sama átti við um karla, þ.e. fyrrverandi

makar höfðu oftast beitt þá líkamlegu ofbeldi (2,4%) en núverandi (1,5%) (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997). Athyglisvert er að í báðum þessum íslensku ofbeldisrannsóknum er tilgreint ofbeldi maka (hjá báðum kynjum) minna í seinna sambandinu. Ef horft er til þess að fleiri konur tilgreindu meiri áfengisneyslu hjá fyrrverandi maka en núverandi má velja því fyrir sér hvort þarna sé ekki samband á milli ofbeldis og áfengisneyslu eins og fjallað var um hér að framan.

Í rannsókn Amato og Previti (2003) voru svör um andlegt og líkamlegt ofbeldi flokkuð saman sem orsök skilnaða. Niðurstöður sýndu kynjamun á tilgreindu andlegu og líkamlegu ofbeldi, konur tilgreindu þá orsök í um 9% tilvika en karlar aldrei. Í rannsókn Wolcott og Hughes (1999) sýndu niðurstöður að andlegt ofbeldi var ekki oft nefnt sem meginorsök skilnaðar en hana nefndu tæplega 2% þátttakenda og þá helst konur. Rannsakendur töldu að þetta lága hlutfall andlegs ofbeldis sem meginorsök skilnaðar gæti átt sér skýringar í mismunandi túlkun á hugtakinu „andlegt ofbeldi“ og gætu sumir svarendur hafa túlkað atriði sem áttu heima undir andlegu ofbeldi sem samskiptavandamál eða persónuleika maka. Þar er einnig tekið fram að slíkur skilningur á hugtakinu gæti mögulega átt við í fleiri rannsóknum. Niðurstöður um hvort þátttakendur eða börn þeirra hefðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu maka sýndu að það voru aðallega konur sem nefndu það sem orsakapátt. Af þeim 35 aðilum sem nefndu líkamlegt ofbeldi voru það 34 konur og í sex tilvikum var um að ræða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum þeirra (Wolcott og Hughes, 1999).

Margar rannsóknir hafa sýnt að andlegt ofbeldi hefur slæm áhrif bæði á líkamlega og andlega heilsu fólks sem fyrir því verður. Má leiða líkum af því að fólk sem býr við ofbeldissambönd skilji frekar en aðrir.

1.4.1.5 Geðræn vandamál

Niðurstöður Amato og Previti (2003) sýndu að rúmlega 1% karla nefndu að geðræn og líkamleg vandamál hefðu leitt til skilnaðar en konur nefndu það sem orsök í rúmlega 3% tilvika. Niðurstöður Wolcott og Hughes (1999) leiddu í ljós að karlar (5%) tilgreindu aðeins oftast en konur (4%) að líkamleg og andleg heilsa hafi verið meginorsök skilnaðar. Þar er tekið fram að í sumum tilvikum sé mögulegt að svarendur hafi flokkað áfengis- og vímuefnavandamál eða andlegt ofbeldi sem geðræn vandamál. Vert er að ígrunda hvað er orsök og hvað er afleiðing þegar um geðræn vandamál er að ræða. Beiting andlegs og líkamlegs ofbeldis getur verið vegna geðræns vanda. Geðræn vandamál geta verið undirrot ofbeldis, samskiptaörðugleika og áfengisdrykkju og öfugt svo dæmi séu tekin.

Hér hefur verið fjallað um tilfinningar og hegðun sem meintar tilgreindar orsakir fyrir skilnaði eða sambúðarslitum sem framangreindar rannsóknir sýna að fólk tilgreinir oftast.

Í þessari rannsókn var einnig spurt um ýmsa lýðfræðilega og stöðulega þætti eins og menntun svaranda, fjárhagsvandamál, ágreining um heimilisstörf og vinnu. Þátttakendur voru einnig spurðir hvort foreldrar þeirra hefðu skilið eða ekki. Hér verður fjallað um niðurstöður erlendra rannsókna um sama efni.

1.4.2 Lýðfræðilegir og stöðulegir þættir

Ýmsir lýðfræðilegir og stöðulegir þættir geta haft áhrif á að til skilnaðar komi. Til þeirra þátta teljast meðal annars:

- *Fjárhagsvandamál*
- *Samræming vinnu, heimilisstarfa, fjölskyldu og frístunda*
- *Menntun fólks*
- *Skilnaður foreldra*

1.4.2.1 Fjárhagsvandamál, samræming vinnu, heimilisstarfa, fjölskyldu og frístunda

Vandamál tengd fjárhag, heilsu, samræmingu vinnu og heimilis geta haft áhrif á samband fólks í sambúð. Slík vandamál geta verið það streituvaldandi að þau leiði til skilnaðar. Þau geta líka oft verið ástæða ósættis og samskiptaörðugleika. Niðurstöður Wolcott og Hughes (1999) sýndu að 5% þátttakenda nefndu fjárhagsvandamál sem meginorsök skilnaðarins og var kynjahlutfall svipað, hjá konum 4% og hjá körlum um 6%. Í rannsókn Amato og Previti (2003) var hlutfall svarenda sem nefndu fjárhagsvandamál sem orsök skilnaðar tiltölulega lágt eða rúmlega 1% karla og um 3% kvenna.

Í nútímasamfélagi getur verið mikið álag á fólki og flestir þurfa að sinna mörgum hlutverkum í einu. Þá reynir á samvinnu maka. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á samræmingu vinnu, fjölskyldu og heimilisstarfa en sú samræming reynist oft og iðulega erfið meðal hjóna og sambúðarfólks. Lee og Waite (2005) gerðu könnun á unnum heimilisstörfum karla og kvenna. Þeir notuðu gögn úr könnuninni „*The Sloan 500 Family Study*“ sem fram fór á árunum 1999-2000. Um var að ræða 265 gift þör þar sem spurt var um hversu mörgum tímum karlarnir vörðu í heimilisstörf, þ.e. uppvott, þrif, þvott, eldamennsku, innkaup, heimilisbókhald og viðhald húsnæðis á viku og síðan samsvarandi fyrir svör kvenna yfir hvað þær töldu að þeir vörðu mörgum klukkustundum á viku í heimilisstörf. Niðurstaðan var sú að karlar ráðstöfuðu að eigin sögn 18

klukkustundum að meðaltali á viku í þessi störf. Samkvæmt konunum vörðu þeir að meðaltali 13 klukkustundum á viku í störfun. Þarna er um að ræða mismun upp á sex tíma á svörum karla og kvenna. Þessi munur gæti verið tilkominn vegna þessa að kynin skrá og meta unnin heimilisstörf á mismunandi hátt. Konur og karlar geta einnig haft ólíka sýn á framlag karla til heimilisstarfa þó að niðurstöður sýni að þau séu sammála um að karlar sinni heimilisstörfum í minna mæli en konur.

Rannsókn Neff og Karney (2007) fjallaði um áhrif ytra álags á samband hjóna. Þátttakendur voru nýgift hjón sem bæði fengu sendan spurningalista á sex mánaða fresti yfir þriggja og hálfárs tímabil. Fjöldi endanlegra þátttakenda var 338 (169 pör), 12 pör höfðu skilið á tímabilinu og var svarhlutfallið 81%. Niðurstöður sýndu að þegar konan var undir miklu ytra álagi þá leiddi það til óánægju í hjónabandinu hjá bæði henni og makanum. En þegar einungis maðurinn var undir miklu ytra álagi leiddi það til óánægju hans í hjónabandinu en ekki til óánægju hennar (Neff og Karney, 2007). Þegar upp koma álagsáburðir í sambúðinni er mismunandi hvernig fólki tekst að vinna úr þeim.

Í eiginlegri rannsókn Guðrúnar Hannesdóttur (2003) „Tímasnaran“ þar sem könnuð var samræming fjölskyldulífs og vinnu hjá yfirmönnum nokkurra fyrirtækja hér á landi sýndu niðurstöður að mikið vinnuálag var á foreldrum. Þar kom fram að vinnan væri einnig komin inn á heimilið. Margir nota kvöldin til að svara tölvupóstum og vinna upp það sem ekki náðist yfir daginn. Að auki var tilgreint að vinnan og vinnufélagarnir væri orðinn stór félagslegur þáttur sem einnig þyrfti að taka tillit til sem gæti leitt til ákveðinnar togstreitu milli maka.

1.4.2.2 Menntun

Rannsóknnum ber ekki saman um það hvort meiri eða minni menntun fólks auki líkur á skilnaði. Samkvæmt rannsókn Amato og Previti (2003) hefur vel menntað fólk tilhneigingu til að gera miklar kröfur til hjónabands síns. Það gerir ráð fyrir miklum tilfinningalegum stuðningi, félagsskap maka og hefur miklar væntingar til sambandsins. Ef þessum kröfum er ekki fullnægt getur það leitt til vandamála og í framhaldinu hugleiðinga um skilnað. Fram kemur í niðurstöðum bandarískrar rannsóknar (Lehrer, 2006) sem kannaði meðal annars óstöðugleika í hjónabandi, að líkur á skilnaði voru meiri ef karlmaðurinn hafði einungis grunnmenntun. Ekki var tekið fram hvort menntun konunnar hafði áhrif. Niðurstöður rannsóknar Lyngstad (2004) sem kannaði áhrif menntunar maka á skilnaðartíðni í Noregi (8086 pör) sýndi að hætta á skilnaði minnkar með meiri menntun beggja kynja. Í áður nefndri rannsókn sem gerð var hér á landi þar sem kannað var ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum kom í ljós að ekki var

marktækur munur eftir menntunarstigi þeirra kvenna sem urðu fyrir ofbeldi (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

1.4.2.3 Skilnaður foreldra og síðar barna þeirra

Þrátt fyrir marga kosti þess að vera í hjónabandi þá er engum til góðs að viðhalda óhamingjusömu og ástlausu sambandi eingöngu barnanna vegna. Þetta er löngu vitað og fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á að andlegt álag vegna ósættis í hjónabandi getur haft langvarandi áhrif á andlega heilsu barna (Coleman og Glenn, 2009).

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli skilnaðar foreldra og skilnaðar barna þeirra síðar á ævinni. Niðurstöður rannsóknar Amato (1996) á þessum tengslum sýndu að ástæðan væri ekki augljós en börn fráskilinna foreldra eru líklegri til að sýna hegðun í samböndum sínum á borð við afbrýðisemi og reiði. Einnig kom fram að börn fráskilinna foreldra hafi lélegri samskiptahæfni og öðlist síður hæfileika til að vera í nánnum samböndum en þau sem áttu foreldra sem höfðu ekki skilið. Í annarri rannsókn kom fram að börn sem eiga foreldra sem eiga í samskiptaerfiðleikum í sambandi sínu eiga minni möguleika á að tileinka sér samskiptahæfni sem leiði til farsæls langtímasamband við maka (Amato og DeBoer, 2001). Niðurstöðurnar benda til að börn fráskilinna foreldra séu í aukinni hættu á að skilja síðar meir.

Fleiri rannsóknir hafa sýnt fram á að börn fráskilinna foreldra skilji frekar á fullorðinsárum en önnur uppkomin börn. Þar má nefna rannsókn Lehrer (2006) sem getið var hér á undan og skoðaði meðal annars óstöðugleika í hjónabandi. Niðurstöður rannsóknar D'Onofrio, Turkheimer, Emery, Harden, Slutske, Heath o. fl. (2007) þar sem skoðað var hvort umhverfi, erfðir eða bæði gæti aukið líkur á skilnaði hjá börnum fráskilinna foreldra sýndu að þeir sem koma úr fjölskyldu þar sem foreldrar höfðu aldrei verið giftir eða höfðu skilið voru líklegri til að skilja en aðrir.

Rannsóknir benda ekki allar til þess að fullorðin börn fráskilinna foreldra skilji frekar en önnur börn. Meðal niðurstaðna í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur, Nönnu K. Sigurðardóttur, Friðriks H. Jónssonar og Sigurðar J. Grétarssonar (1995) á högum foreldra og barna á Íslandi sem gerð var fyrir Félagsmálaráðuneytið, kom fram að fráskildir svarendur höfðu búið eingöngu hjá báðum foreldrum í æsku eða í 73% tilvika. Það bendir til að þeir foreldrar hafi ekki skilið.

Ásamt því að skoða tilgreindar orsakir skilnaða með tilliti til tilfinningalegra meintra orsaka sem og lýðfræðilegra og stöðulegra þátta verða í þessari rannsókn skoðaðir ýmsir þættir sem tengjast skilnaði án þess að þeir geti talist orsakþættir. Þetta eru atriði eins og hvort báðir aðilar eða einungis annar aðilinn, og þá hvor þeirra, óskar frekar eftir skilnaði, hversu sáttir eða ósáttir svarendur voru við þá ákvörðun að skilja og

hvort ráðgjafar hafi verið leitað til að hindra skilnað. Í ljósi svara þátttakenda verður athyglisvert að bera saman niðurstöðurnar við erlendar rannsóknir um sama efni.

1.5 Frumkvæði að skilnaði og sátt við skilnað

Skilnaðir endurspeglar ekki endilega vilja beggja aðila. Margar rannsóknir hafa sýnt að það sé mun algengara að konan óski frekar eftir skilnaði en karlinn (Amato og Previti, 2003; Thuen og Rise, 2006; Wolcott og Hughes, 1999). Þegar spurt er spurninga eins og hver óskaði fyrst eftir skilnaði geta ýmis aðferðafræðileg vandamál komið upp. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að þegar fólk er spurt þessarar spurningar vill það upphefja sig og er líklegri til að svara að það sjálf hafi óskað fyrst eftir skilnaði en ekki fyrrverandi maki (Amato og Previti, 2003). Samt sem áður kemur það fram bæði í svörum kvenna og karla að konur eigi frekar frumkvæðið að því að óska eftir skilnaðnum en karlar (Hewitt o.fl., 2006).

Amato og Previti (2003) könnuðu í rannsókn sinni hvort tengsl væru á milli aðlögunar eftir skilnaðinn og þess hver átti frumkvæðið að skilnaðnum annars vegar og hins vegar því hvaða orsakir einstaklingurinn taldi að leitt hafi til skilnaðarins. Þeir skoðuðu einnig hvort skilnaðurinn hafi haft áhrif á þátttakendur félagslega, fjárhagslega og hvernig líðan þeirra var eftir skilnað. Niðurstöður sýndu að þeir aðilar sem áttu frumkvæði að óska eftir skilnaði aðlöguðust betur en þeir sem ekki höfðu átt það. Þegar skoðað var hvort tengsl væru á milli aðlögunar eftir skilnað og tilgreindra orsaka kom fram að aðlögun eftir skilnað var minni hjá þeim sem tilgreindu framhjáald maka sem orsök en þeirra sem nefndu það ekki. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart því að sá sem óskar síður eftir skilnaðnum vill kannski síður skilja og sá sem verður fyrir svikum eins og framhjáaldi er oft í sárum og það getur tekið fólk langan tíma að jafna sig.

1.6 Ráðgjöf

Margir meðferðaraðilar bjóða upp á hjóna og pararáðgjöf. Vandamálin geta verið margs konar en meðferðaraðilar telja að framhjáald sé það viðfangsefni sem hvað erfiðast er að ná sáttum um hjá þörum í meðferð (Whisman, Dixon og Johnson, 1997). Það kemur því ekki á óvart að framhjáald sé helst tilgreint sem orsök skilnaða.

Flestir reyna allar leiðir til að ná sáttum og hindra skilnað. Í rannsókn Wolcott og Hughes (1999) höfðu 52% þátttakenda leitað sér ráðgjafar vegna sambandserfiðleika meðan á hjónabandinu stóð. Af þeim höfðu flestir leitað til hjónabandsráðgjafa eða tæplega 72% og reyndust konur líklegri til þess en karlar.

Í niðurstöðum rannsóknar þar sem kannað var hvort og þá hvert þör leituðu sér ráðgjafar í sambandserfiðleikum á fyrstu fimm árum sambandsins kom fram að 36% þátttakenda höfðu gert það. Af þeim fóru 39% til hjónabandsráðgjafa, um helmingur

sótti hjónanámskeið og meira en helmingur las sjálfshjálparbækur, en flestir byrjuðu að leita sér aðstoðar með þeim hætti (Doss, Rhoades, Stanley og Markman, 2009).

Samkvæmt niðurstöðum bandarískrar rannsóknar um sama málefni, hvort og þá hvert fólk leitaði sér ráðgjafar í skilnaðarmálum, kom fram að um helmingur allra þeirra sem fara til hjónabandsráðgjafa þar í landi áður en til skilnaðar kom leituðu til geðheilbrigðisþjónustunnar og helmingur til kirkjunnar (Johnson o. fl., 2002).

Að leita sér ráðgjafar þegar erfiðleikar steðja að í hjónabandi ætti að vera sjálfsagður hlutur og á allra færi fjárhagslega. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar sýndu að þeir foreldrar sem höfðu skilið og unnu best saman að velferð barna sinna voru almennt betur upplýstir um flest mál tengdum skilnaði þeirra en þeir sem ekki voru upplýstir (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2010). Því er mikilvægt að allir sem ekki geta leyst sín vandmál sjálfir í hjóna- og parasambandi hafi möguleika á að leita sér aðstoðar fagaðila, hvort sem er til að hindra skilnað eða fá aðstoð við að skilja í sem mestri sátt. Mögulega gæti staðlaður spurningalisti þar sem stuðst er við helstu niðurstöður rannsókna á skilnaðarorsökum flýtt fyrir að greina hvaða vandamál eru til staðar meðal para og þar með hjálpað þeim við að skilja vandann og finna lausnir í samvinnu við viðeigandi meðferðaraðila. Því gæti aukin fjárhagsleg aðstoð ríkis og sveitarfélaga við þetta málefni skilað miklum ávinningi fyrir bæði pör og þjóðarbúið. Sálfræðingar og félagsráðgjafar eru meðal þeirra sem boðið hafa upp á hjóna- og pararáðgjöf. Hér á landi bjóða einnig nokkrar stofnanir upp á slíka þjónustu en þar má nefna Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Félagsþjónustuna í Reykjavík og Fjölskyldumiðstöðina (Fjölskyldumiðstöð, e.d.; Kirkjan, e.d., Reykjavíkurborg, e.d.).

1.7 Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir

Í rannsókn minni var fólk spurt um núverandi hjúskaparstöðu. Athugað var hvort að ákveðin tilgreind atriði tengist því að viðkomandi hefur ekki hafið sambúð á ný. Í tengslum við það eru því skoðaðar rannsóknir sem beinast að því að athuga hverjir hefja nýja sambúð og hverjir ekki og hvort það tengist orsökum skilnaðar eða sambúðarslita.

Forvitnilegt er að velta því fyrir sér hvaða þættir hafa mest áhrif á það hverjir hefja nýtt samband og hverjir ekki. Niðurstöður rannsóknar Wang og Amato (2000) sýndu að nýr maki auðveldar aðlögun fólks eftir skilnað svo um munar. Fólk sem var komið í samband eða farið að búa aftur eftir skilnað sýndi almennt betri aðlögun og var hamingjusamara en þeir sem ekki voru komnir í annað samband. Eins og gefur að skilja hafði þetta fólk frekar fjarlægst fyrrverandi maka en þeir sem ekki voru komnir í nýtt samband.

Samkvæmt skýrslu „*National Survey of Family Growth*“ eru 53% líkur á því að konur séu komnar aftur í sambúð eftir fyrsta skilnað innan fimm ára og 70% líkur á því innan 10 ára (Bramlett og Mosher, 2002). Rannsóknin náði aðeins til kvenna en ekki karla. Fram kemur í skýrslu *Department of Health and Human Services* frá árinu 2002 að 25% kvenna voru einhleypar 10 árum eftir skilnað.

Árið 2004 tók de Vaus saman upplýsingar um þróun fjölskyldunnar í Ástralíu yfir 30 ára tímabil fyrir *Australian Institute of Family Studies*. Niðurstöður sýndu að á árunum 1997-1999 voru líkur á að konur og karlar giftu sig aftur eftir skilnað mismunandi eftir kyni eða um 58% karla og um 49% kvenna, flestir innan fimm ára (de Vaus, 2004).

Íslensk rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur, Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Guðlaugar Magnúsdóttur (2008) fjallaði um viðhorf og reynslu ungmenna til fjölskyldumála. Þátttakendur voru 854 nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla. Þeir þátttakendur sem áttu foreldra sem höfðu skilið voru spurðir hvort foreldrar þeirra hefðu hafið sambúð á ný. Svör þeirra sýndu að 60,2% mæðra þeirra og 67,9% feðra þeirra höfðu hafið nýja sambúð innan fjögurra ára. Fleiri karlar en konur höfðu hafið nýja sambúð og er það í samræmi við upplýsingar de Vaus (2004) sem getið var hér á undan.

En hvað veldur því að fólk fer ekki í samband aftur? Sumir vilja einfaldlega ekki fara aftur í sambúð. Hugsanlega er skýringu að finna í þeim orsökum sem liggja að baki þeim skilnaði sem þeir hafa gengið í gegnum. Orsakirnar geta verið miserfiðar að glíma við en jafnframt getur það verið einstaklingsbundið hversu lengi fólk er að jafna sig og hvort það geri það jafnvel nokkurn tímann.

Eins og fram hefur komið eru svik eins og framhjáald oft orsök skilnaðar. Þegar fólk er svikið af maka sínum aukast líkur á skilnaði. Hinum svikna finnst hann hafa skaðast vegna aðgerða maka sem hann bar væntanlega fullt traust til. Svik maka koma svikna aðilanum yfirleitt algerlega í opna skjöldu og geta valdið honum miklu áfalli. Í fyrstu er algengt að viðkomandi trúi hreinlega ekki að svikin hafi raunverulega átt sér stað (Rachman, 2010). Svik geta haft áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks. Sá svikni getur orðið það reiður að úr honum dragi allan mátt. Svikin geta einnig haft áhrif á sjálfstraust viðkomandi þar sem hann skynjar sig sem fórnarlamb. Þau geta jafnframt haft áhrif á samskipti viðkomandi við annað fólk þar sem hinn svikni heldur áfram að vera reiður. Það getur bitnað á nýjum maka þar sem hann notar reiðina til að forðast að verða aftur svikinn (Gordon og Baucom, 1998).

Viðbrögð við svikum eins og framhjáaldi geta stundum verið lík einkennum sem fram koma við áfallastreituröskun: tilfinningadoði, áráttuhugsanir, streita, viðkomandi forðast allt sem gæti minnt á atburðinn eða stöðugar vangaveltur um atburðinn og nánustu framtíð (Rachman, 2010). Áfallið getur verið svo mikið að viðkomandi telji sig

aldrei eiga eftir að geta lifað eðlilegu lífi þar sem hann geti ekki treyst öðrum (Ehlers, Clark, Hackmann, McManus og Fennell, 2005). Traust er mikilvægur þáttur í myndun ástarsambands og því þarf ekki að koma á óvart að svik úr fyrra sambandi geta haft áhrif á framtíðarsambönd.

Eins og fram hefur komið er ein af ástæðum skilnaða andlegt og eða líkamlegt ofbeldi (Amato og Previti, 2003). Niðurstaða rannsóknar á ofbeldi í samböndum sýndi að ofbeldi heldur áfram að hafa áhrif á líkamlega og andlega heilsu kvenna að meðaltali 20 mánuðum eftir skilnað og velta áhrifin á alvarleika misnotkunarinnar (Ford-Gilboe o.fl., 2005). Rannsókn Campbell og Soeken (1999) sýndi að líkamleg heilsa kvenna sem höfðu búið við líkamlegt og andlegt ofbeldi jafnaði sig að meðaltali eftir 3,5 ár. Rannsókn Cano og O'Leary (2000) sýndi að bæði framhjáald og ofbeldi maka leiða til þunglyndis kvenna sem höfðu aldrei áður fundið fyrir þunglyndi. Fullljóst er því að það getur tekið nokkur ár að jafna sig eftir ofbeldi og spurning hvort að það takist nokkurn tímann alveg. Mikilvægt er að þeir sem verða fyrir ofbeldi njóti aðstoðar fagaðila til að komast yfir þetta áfall.

1.8 Tilfinningatengsl á fullorðinsárum

Spurningalisti um tengslamyndun (*attachment style*) var lagður fyrir þátttakendur í þessari rannsókn. Hér verður tengslakenningu John Bowlby gerð skil og niðurstöður ýmissa rannsókna um tengslamyndun getið.

Sú hugmynd að tilfinningatengsl á fullorðinsárum geti mótast frá barnæsku hefur leitt til margra rannsókna sem gerðar hafa verið út frá sjónarhorni tengslakenningarinnar (du Plessis, Clarke og Woolley, 2007). Höfundur tengslakenningarinnar (*attachment theory*) er sálfræðingurinn John Bowlby (Bowlby, 1969; 1988). Bowlby hélt því fram að ákveðið tengslakerfi þróist milli barns og umönnunaraðila þess, oftast móður. Tengslakerfið snýst um það hvort að sá aðili sé nálægur, viðbragðsfljótur og umhyggjusamur þegar barnið þarf á því að halda. Ef barnið finnur að svo sé finnur það fyrir öryggi, ást og trausti hvenær sem er en ef ekki þá getur barnið orðið kvíðið og hagað sér eftir því. Kenninguna setti Bowlby upphaflega fram til að útskýra hið tilfinningalega uppnám eins og kvíða, reiði, þunglyndi og doða sem börn geta sýnt við aðskilnað. Barn þróar þannig með sér væntingar um að aðrir séu til staðar og stuðnings þegar það þarf á að halda og geta þær verið mismunandi eftir tengslamyndun þess (Ainsworth, Blehar, Waters, og Wall, 1978; Bartholomew, 1990; Bowlby, 1977;).

Ainsworth og fleiri (1978) útfærðu kenningu Bowlbys frekar. Rannsókn þeirra á hegðun ungbarna í ókunnum aðstæðum (*strange situation*) við aðskilnað móður og viðbrögð barnanna þegar þau sameinuðust móðurinni á ný er grunnur að

tengslakenningunni. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að hægt væri að flokka viðbrögð barna eftir þrenns konar tengslamyndun við móður eða umönnunaraðila: trausta (*secure*), kvíðna tvíbenta (*anxious ambivalent*) og forðandi (*avoidant*) tengslamyndun (Bartholomew, 1990; Bowlby, 1988; Ainsworth o.fl., 1978).

Bowlby hélt því fram að tengslamyndun sem barn myndar í æsku héldist út ævina (Bowlby, 1979). Árið 1987 gerðu Hazan og Shaver könnun sem var sú fyrsta sem útfærði kenningu Bowlbys yfir í tilfinningatengsl á fullorðinsárum. Þau gerðu sjálfsmatslista sem byggðist á þeim þremur tengslamyndunum sem fram komu í kenningu Ainsworth (1978). Þar var fólk spurt um samband sitt við foreldra í æsku og einnig um samband sitt við maka. Niðurstaðan sýndi mikla samsvörun á milli svara þátttakenda um þessi tilfinningatengsl. Tilfinningatengsl við foreldra í æsku og svo síðar við maka áttu eftirfarandi sameiginlegt:

- Mikið öryggi þegar hinn aðilinn er nálægur (maki og foreldri)
- Mikil nánd og líkamlegt samband (við maka og foreldri)
- Óöryggi ef hinn aðilinn er ekki til staðar (maki og foreldri)

Niðurstöður um tengslamyndun við maka sýndu að þeir sem flokkuðust með trausta tengslamyndun (*secure*) leið vel í návist maka síns (og foreldris) og sýndu honum traust. Þeir sem flokkuðust með kvíðna tvíbenta tengslamyndun (*anxious ambivalent*) voru tilfinningalega óstöðugir, afbrýðisamir og mjög uppteknir af maka sínum, meira en hann kærði sig um. Fólk sem flokkaðist með forðandi tengslamyndun (*avoidant*) sýndi áhugaleysi við mikla nánd og treysti eingöngu á sjálfan sig (Brennan og Shaver, 1998; Fraley, 2010; Hazan og Shaver, 1987).

Bartholomew (1990) vildi bæta flokkun Hazans og Shavers (1987). Hún gerði þær breytingar að skipta tengslamynduninni forðun í tvær gerðir (fráhrindandi tengslamyndun og óttablandna tengslamyndun). Tengslamyndanirnar fjórar byggðu annars vegar á sjálfsmati fólks (jákvætt eða neikvætt) og hins vegar mati þeirra á öðrum (jákvætt eða neikvætt). Tengslamyndanir Bartholomew eru: Traust örugg (*secure*), eignandi (*preoccupied*), fráhrindandi (*dismissing avoidant*) og óttablandin (*fearful avoidant*) tengslamyndun (Bartholomew og Horowitz, 1991; Bartholomew, 1990). Traust örugg og eignandi tengslamyndun Bartholomews samsvaraði öruggri og kvíðinni tvíbentri (*anxious ambivalent*) tengslamyndun Hazan og Shavers, óttablandin tengslamyndun hennar samsvaraði forðandi tengslamyndun þeirra. Þeir sem flokkuðust með fráhrindandi tengslamyndun (*dismissing avoidant*) hjá Bartholomew mældust með annað hvort trausta örugga tengslamyndun eða fráhrindandi tengslamyndun (*dismissing avoidant*) hjá Hazan og Shaver. Eftir þáttagreiningu þessara sjö kvarða komu út tveir þættir, kvíðakennd tengslamyndun og forðandi tengslamyndun (Brennan og Shaver,

1998). Þessir tveir þættir verða notaðir hér í þessari rannsókn

Deilur hafa komið upp um hvort sú tengslamyndun sem mótast í æsku við móður eða tengdan aðila haldist út ævina. Van Ijzendoorn (1995) sem skoðaði niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á tengslamyndun og stöðugleika hennar komst að þeirri niðurstöðu að tengslamyndun fólks héldist frekar stöðug. Niðurstöður hafa þó ekki allar gefið hið sama til kynna, Bartholomew (1990) komst að þeirri niðurstöðu að ekki séu til nægilegar sannanir fyrir því að tengslamyndun haldist fram á fullorðinsár eða hvort hún haldist stöðug milli sambanda. Í þessari rannsókn sem hér er til umfjöllunar er ekki spurt um samband þátttakanda við móður eða tengdan aðila í æsku heldur eru svör þátttakenda flokkuð eftir spurningum um tilfinningatengsl á fullorðinsárum.

Tvær aðferðir hafa verið notaðar til að meta tengslamyndun fullorðinna. Algengast er að nota viðtalsaðferðina „*Adult Attachment Interview, AAI.*“ AAI er spurningalisti með 20 spurningum um hvernig svarandi metur samband sitt við foreldra sína (í æsku og fullorðinsárum) eða aðra nátengda aðila., áföll, missi og reynslu með sín eigin börn ef þau eru til. Sjálfspróf sem lögð eru fyrir þátttakendur er önnur aðferð (Main og Goldwyn, 1998; Sonkin, 2005). Eftir að Fraley, Waller og Brennan (2000) skoðuðu fjóra slíka lista út frá próffræðilegum eiginleikum var sjálfsmatslistinn „*The Experiences in Close Relationships Questionnaire*“ sem Brennan, Clark og Shaver (1998) gerðu talinn hafa bestu próffræðilegu eiginleikana. Um þennan lista sem einnig var notaður í þessari rannsókn hér má lesa nánar í aðferðarkafli.

Brennan, Clark og Shaver (1998) þróuðu sjálfsmatslistann eftir að hafa skoðað svo til alla sjálfsmatslista um tengslamyndanir sem vitað var um. Fjöldi atriða varð 482 sem mældu 60 tengslamyndunarkvörðum. Þau skiptu með sér verkum og mátu hversu lík sum atriði voru og þar með ofaukið og fækkuðu þeim ef meirihlutinn var sammála um matið. Eftir að atriðunum hafði verið fækkað niður í 323 sem innhéldu alla 60 undirflokkana var gerð þáttgreining á skori þeirra. Út úr henni komu tveir sjálfstæðir þættir sem samsvöruðu tengslamyndunarkvörðunum forðun og kvíða. Þau flokkuðu síðan svarendur í fjóra hópa byggða á skori þeirra á þáttunum tveimur. Kom þá í ljós að hóparnir fjórir samsvöruðu vel hinum fjórum tengslamyndunum Bartholomews (1990). Útkoman var því tengslamyndanirnar fjórar með þessum tveggja ása kvörðum sem þeir nefndu kvíðakennda tengslamyndun (*anxious attachment*) og forðandi tengslamyndun (*avoidant attachment*). Hægt er að reikna út allar fjórar tengslamyndanirnar en yfirleitt er notast við þessa tvo kvarða. Kvíðakennd tengslamyndun felur í sér ótta fólks við höfnun. Fólk með kvíðakennda tengslamyndun er mjög upptekið af sambandi sínu og óttast að maki vilji skilnað. Fólk sem flokkast með forðandi tengslamyndun forðast nán sambönd,

forðast almennt annað fólk og vill helst treysta á sjálf sig (Brennan, Clark og Shaver, 1998).

1.8.1 Tengslamyndun og skilnaðir

Margar rannsóknir sýna fram á samband á milli skilnaðar og andlegrar og líkamlegrar líðanar viðkomandi. Viðbrögð og hegðun fólks eftir skilnað hafa ekki mikið verið rannsökuð og enn síður einstaklingsmunur hjá þeim sem hlut eiga að máli. Þessa þætti tóku Davis, Shaver og Vernon (2003) til skoðunar en þau ákváðu að rannsaka samband tengslamyndunar fólks og viðbragða við skilnaði. Þetta var netkönnun og notuð var styttri útgáfa sjálfsmatslista Brennan, Clarks og Shavers (1997), ECR-R listinn, og tóku 5000 manns þátt í könnuninni. Þegar niðurstöður með tilliti til mismunandi tengslamyndunar svarenda voru skoðaðar kom í ljós að fólk sem flokkaðist með forðandi tengslamyndun átti erfitt með að treysta öðrum og forðaðist ný sambönd. Þeir sem flokkuðust með kvíðakennda tengslamyndun virtust annað hvort hafna nýjum samböndum eða fara strax í annað og nýtt samband. Aftur á móti voru þeir sem óttast höfnun og að vera yfirgefnir fljótari til að mynda ný sambönd. Þessir aðilar voru jafnframt ólíklegri til að hafa óskað eftir skilnaði upphaflega.

1.9 Lífsgæði og heilsa fólks eftir hjúskaparstöðu

Spurningalisti um lífsgæði (*Quality of life scale*) sem hér var lagður fyrir þátttakendur felur meðal annars í sér spurningar um heilsu og heilbrigði svarenda. Niðurstöður verða bornar saman með tilliti til núverandi hjúskaparstöðu þátttakenda.

Flestir sem rannsaka áhrif skilnaðar á fólk komast að því að skilnaður er léttir fyrir suma og að aðrir finna fyrir mikilli vanlíðan sem lagast með tímanum en sumir jafni sig aldrei alveg (Amato, 2000). Rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvort fólk sem skilur verði í raun hamingjusamara eftir skilnaðinn sýna að það er mismunandi. Gardner og Oswald (2006) rannsökuðu þetta hjá breskum pörum. Með því að nota niðurstöður úr árlegri könnun „*The British Household Panel Survey*“ frá árunum 1992 til ársins 2001 gátu þeir borið saman svör um andlega líðan fólks sem skildi á þessu tímabili árin fyrir og eftir skilnað. Heildarfjöldi skilnaða sem um var að ræða var 430, þ.e. pör. Niðurstöður sýndu að flestir þeirra sem höfðu skilið náðu betri andlegri líðan eftir skilnaðinn. Það átti bæði við um konur og karla. Hins vegar verður að taka tillit til þess að andleg líðan þeirra sem höfðu skilið var verri á meðan þeir voru í hjónabandi en þeirra sem voru í hjónabandi og skildu ekki. Líklegt er að flestir sem skilja séu óhamingjusamari í hjónabandinu og líður alla jafna betur eftir skilnaðinn en fyrir (Gardner og Oswald, 2006). Þegar spurt er um líðan eftir skilnað er augljóst að það getur skipt máli hversu langur tími er liðinn frá skilnaði. Niðurstöður áströlsku

rannsóknarinnar (Wolcott og Hughes, 1999) sýndu að þegar spurt var um líðan eftir skilnað voru konur í rúmlega 77% tilvika ánægðar með lífið en rúmlega 62% karla voru það. Að meðaltali höfðu liðið fimm ár frá skilnaði í þeirri rannsókn sem er sambærilegt við þessa rannsókn hér.

Rannsókn sem gerð var hér á landi árið 1994 lagði áherslu á að kanna aðstæður barna einstæðra foreldra. Um 45% svarenda var fráskilið fólk. Spurt var um líðan þeirra eftir skilnað og sýndu niðurstöður að þeir sem voru fráskildir fundu fyrir meiri einmanaleika en fyrir skilnaðinn eða 45% þátttakenda. Kynjamunur var þar á, karlar fundu oftast til einmanakenndar en konur. Niðurstöður sýndu einnig að þeir sem bjuggu við erfiðustu félagslegu aðstæðurnar og leið verr andlega og tilfinningalega voru fráskildir foreldrar (Sigrún Júlíusdóttir, o.fl., 1995).

Niðurstöður rannsókna þar sem borin er saman heilsa fólks eftir hjúskaparstöðu sýna að hjónaband er gott fyrir heilsuna, giftir búa við betri andlega og líkamlega heilsu en einhleypir. Betri heilsa giftra er þó háð því að hjónabandið sé gott (Dush og Amato, 2005; Fuller, 2010). Í rannsókn Zhang og Hayward frá árinu 2006 var skoðað hvort hjúskaparstaða tengdist því að fólk fengi hjarta- og æðasjúkdóma á efri árum. Í niðurstöðunum kom fram að þeir sem höfðu skilið eða misst maka sinn voru marktækt líklegri til að fá hjarta- og æðasjúkdóma heldur en fólk sem var gift áfram og þeir sem ávallt höfðu verið einhleypir. Skilnuðum getur því fylgt álag sem augljóslega hefur áhrif á heilsu fólks (Zhang og Hayward, 2006).

Í niðurstöðum rannsóknar þar sem borin var saman andleg heilsa fólks kom fram að þeir sem voru einhleypir, höfðu aldrei gifst eða voru fráskildir mældust með meiri streitu en þeir sem voru í hjónabandi. Enginn kynjamunur var þar á. Í rannsókn Dush og Amato (2005) sem byggir á gögnum úr langtímarannsókn Booth og fleiri (1998) var líðan fólks könnuð (*well-being*) eftir hjúskaparstöðu. Fram kom að giftum einstaklingum leið best, þar á eftir sambúðarfólki, næst kom fólk sem var í ástarsambandi, síðan fólk sem skipti oft um félag og að lokum voru einhleypir með verstu líðanina. Skipti þá ekki máli hvort um var að ræða karla eða konur. Rannsókn Kim og McKenry (2002) sýndi sömu niðurstöður, munur var á andlegri heilsu eftir hjúskaparstöðu. Andleg heilsa fólks í hjónabandi var betri en allra annarra hópa.

Skilnaður getur haft sína kosti og galla. Erfitt kann að vera að sætta sig við að hjónabandið sé ekki eins og fólk átti von á. Sumum finnst eftirsóknarvert að hefja nýtt sjálfstætt líf og jafnvel finna sér nýjan maka og hafa meiri möguleika á að vinna að sínum frama og áhugamálum en áður (Hughes og Waite, 2009; Thuen og Rise, 2001). Væntingar hafa brostið og svo sjá sumir alltaf grasið grænna hinum megin.

Ef fólk giftir sig eða fer aftur í sambúð eftir skilnað getur það bætt heilsu sína og þar

með lífsgæði. Í rannsókn Kim og McKenry (2002) voru skoðuð þunglyndiseinkenni hjá fólki sem hafði gift sig aftur eftir skilnað og hjá fólki sem enn var einhleypt frá skilnaði. Um var að ræða gögn frá tveimur tímabilum á vegum „*National Survey of Families and Households*“ (Sweet, Bumpass og Call, 1992-1993; 1987-1988). Þátttakendum var skipt í átta hópa eftir hjúskaparsögu, hvort þeir væru einhleypir, giftir, hefðu skilið, gift sig aftur eða ekki. Í ljós kom að þeir sem höfðu skilið og gift sig aftur sýndu minni þunglyndiseinkenni en áður samanborið við þá sem höfðu ekki gift sig aftur en hjá þeim minnkuðu einkennin ekki. Þunglyndiseinkenni minnkuðu þó ekki hjá fólki sem eingöngu hóf sambúð eftir skilnaðinn heldur aðeins hjá þeim sem giftu sig aftur (Kim og McKenry, 2002).

Ljóst er að hjúskaparstaða getur haft áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks og þar með lífsgæði þess.

1.10 Samantekt inngangs

Eins og fram hefur komið geta ástæður skilnaða verið af ýmsum toga. Þær geta verið tilfinningalegar og tengst ákveðinni hegðun og eru þá hinar tilgreindu orsakir sem fólk bendir yfirleitt á að hafi orsakað skilnaðinn en jafnframt geta tengsl við lýðfræðilega og stöðulega þætti haft þar áhrif á. Sem dæmi um helstu tilgreindar ástæður má nefna framhjáald, líkamlegt og eða andlegt ofbeldi, áfengisvandamál og fleira. Lýðfræðilegir og stöðulegir þættir eru til að mynda menntun, skilnaður foreldra, fjárhagsvandamál og samræming vinnu og einkalífs.

1.10.1 Tilfinningalegar og meintar tilgreindar orsakir

Framhjáald er það sem oft er nefnt sem orsök skilnaðar. Niðurstöður rannsókna sýna að kynjamunur er til staðar, karlar halda frekar framhjá konum sínum en konur framhjá körlum (Amato og Previti, 2003; Glass, 2002; Amato og Rogers, 1997; Wiederman, 1997; Wolcott og Hughes, 1999).

Samskiptaörðugleikar og ósætti eru einnig algeng ástæða skilnaða (Amato og Previti, 2003; Wolcott og Hughes, 1999). Í rannsókn þeirra Wolcott og Hughes var samskiptavandamál tilgreint oftast sem meginorsök skilnaðar og ósætti var þar á eftir og nefndu karlar frekar þessar ástæður en konur. Í rannsókn Amato og Previti var ósætti í öðru sæti yfir tilgreindar orsakir skilnaða og samskiptaerfiðleikar í því sjötta.

Áfengis- og vímuefnvandamál er einnig þáttur sem aukið getur líkur á skilnaði og þá sér í lagi ef annað hjóna glímir við þann vanda (Ostermann, Sloan og Taylor, 2005). Niðurstöður rannsókna sýna jafnframt töluverðan kynjamun og er algengara að konur telji áfengis- og vímuefnamisnotkun orsök skilnaðar heldur en karlar (Amato og Previti,

2003; Wolcott og Hughes, 1999). Hafa ber í huga að áfengis- og vímuefnamisnotkun getur leitt af sér ýmiss konar vandamál sem einnig geta verið tilgreind sem orsakir skilnaða. Sem dæmi þá er algengt að karlar sem beita konur ofbeldi sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Ofbeldi af hálfu maka hvort sem það er andlegt eða líkamlegt getur leitt til skilnaðar. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar á ofbeldi karla gegn konum sýndi að 80% fráskilinna kvenna hafði orðið fyrir andlegu ofbeldi af hálfu maka (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Rannsókn Williams og Frieze (2005) sýndi að karlar höfðu oftast orðið fyrir alvarlegu ofbeldi af hálfu maka heldur en konur. Niðurstöður rannsóknar Amato og Previti (2003) og Wolcott og Hughes (1999) sýndu að konur nefndu oftast en karlar að ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, hafi verið orsök skilnaðarins.

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að geðræn vandamál geti leitt til skilnaða en það er algengara að karlar nefni þann þátt heldur en konur (Amato og Previti, 2003; Wolcott og Hughes, 1999).

1.10.2 Lýðfræðilegir og stöðulegir þættir

Vandamál tengd fjárhag, heilsu, samræmingu vinnu, frítíma og heimilisstarfa geta verið streituvaldandi, valdið ósætti og samskiptaörðugleikum og aukið líkur á að til skilnaðar komi (Amato og Previti, 2003; Wolcott og Hughes, 1999).

Rannsóknnum ber ekki saman um hvort meiri eða minni menntun fólks auki líkur á skilnaði eða að þessi þáttur auki líkurnar á að verða fyrir ofbeldi maka. Fram kemur í rannsókn Amato og Previti (2003) að vel menntað fólk geri meiri kröfur til hjónabandsins og þar af leiðandi séu meiri líkur á að menntaðir einstaklingar skilji. Niðurstöður rannsóknar Lehrer (2006) sýndu að auknar líkur voru á skilnaði ef karlmaðurinn var ekki með framhaldskólamenntun. Ennfremur sýndu niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Noregi að líkur á skilnaði minnkaði með meiri menntun bæði karlsins og konunnar (Lyngstad, 2004).

Ef foreldrar þess eða þeirra sem hlut eiga að máli hafa skilið getur það aukið líkur á að viðkomandi skilji einnig en ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl þarna á milli (Lehrer, 2006; Amato og DeBoer, 2001; Amato, 1996).

1.10.3 Frumkvæði að skilnaði

Samkvæmt rannsóknnum er algengara að konur eigi frumkvæðið að því að óska eftir skilnaði. Rannsóknir sýna einnig að fólk vill frekar eignast sér frumkvæðið til að upphefja sig, en samt sem áður halda bæði konur og karlar því fram að konan eigi frekar

frumkvæðið að óska eftir skilnaði (Amato og Previti, 2003; Thuen og Rise, 2006; Wolcott og Hughes, 1999; Hewitt o. fl., 2006).

1.10.4 Ráðgjöf

Margir leita sér ráðgjafar í sambandserfiðleikum sínum. Skilnaðarrannsókn Wolcott og Hughes (1999) sýndi að yfir helmingur svarenda hafði leitað sér ráðgjafar og flestir höfðu leitað til hjónabandsráðgjafa og voru konur þar í meirihluta. Rannsókn Doss o.fl. (2009) leiddi í ljós að 36% þátttakenda hafði leitað sér ráðgjafar vegna sambandserfiðleika á fyrstu fimm árum sambandsins.

1.10.5 Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir

Nýr maki auðveldar aðlögun fólks eftir skilnað. Flestir sem skilja fara aftur í samband og sýna rannsóknir að meira en helmingur kvenna er kominn aftur í sambúð innan fjögurra til fimm ára og aðeins fleiri karlar (Wang og Amato, 2000; Bramlett og Mosher, 2002; de Vaus, 2004; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Margir fara ekki aftur í samband eftir skilnað. Skýring þessa kann að liggja í þeim orsökum sem leiddu til skilnaðarins. Svik maka getur haft mjög slæmar afleiðingar í för með sér. Fram kemur í rannsókn Rachmans (2010) að viðbrögð við svikum geti stundum verið lík einkennum áfallastreituröskunar. Framhjáhald getur flokkast undir svik þar sem traust er mikilvægt í ástarsamböndum og erfitt er að byggja það upp aftur hvort sem er gagnvart þeim sem sveik eða nýjum félaga.

1.10.6 Tilfinningatengsl á fullorðinsárum og skilnaðar

Tengslakenning Bowlbys (1969) um tengslamyndun ungbarna við móður hefur haft mikil áhrif á rannsóknir á tilfinningasamböndum á fullorðinsárum. Hazan og Shaver (1987) voru fyrst til að útfæra kenningu Bowlbys yfir í tengslamyndun fullorðinna í nánnum samböndum fullorðinna (Stackert og Bursik, 2003). Brennan, Clark og Shaver (1998) þróðu sjálfsmatslista til að mæla tengslamyndun fullorðinna í nánnum samböndum og flokkuðu tengslamyndanirnar í fjóra flokka með tveimur tveggja ása kvörðum sem nefndir voru kvíðakennd tengslamyndun og forðandi tengslamyndun. Hægt er að reikna út allar fjórar tengslamyndanirnar en oftast eru notaðir þessir tveir kvarðar. Fólk með kvíðakennda tengslamyndun óttast að vera hafnað og þar með yfirgefið af sínum félaga og er mjög upptekið af sambandi sínu. Forðandi tengslamyndun lýsir sér í því að fólk forðast nán sambönd og treystir almennt ekki öðrum en sjálfum sér.

Davis, Shaver og Vernon (2003) rannsökuðu hvort fólk með mismunandi tengslamyndun sýni mismunandi viðbrögð við skilnaði. Helstu niðurstöður þeirra voru að fólk sem flokkaðist með forðandi tengslamyndun átti erfitt með að treysta öðrum og

forðaðist ný sambönd eftir skilnað. Á hinn bóginn voru þeir aðilar sem flokkuðust með kvíðakennda tengslamyndun fljótari til að mynda ný sambönd. Niðurstöður þeirra rannsókna sem hér hefur verið fjallað um sýna að samskiptaerfiðleikar, framhjáald, áfengis-og vímuefnavandamál og ósætti eru algengustu ástæður skilnaða sem tilgreindar eru. Kynjamunur er yfirleitt til staðar og gæti það bent til þess að meðferðaraðilar þurfi að sníða meðferð eftir kynjum.

1.10.7 Lífsgæði og heilsa eftir hjúskaparstöðu


Niðurstöður rannsóknar þar sem kannað vari hvort fólk sé hamingjusamara eftir skilnað sýndu að flestir náðu betri andlegri heilsu (Gardner og Oswald, 200t). Karlar nefna oftast einmannakennd en konur eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir, o.fl., 1995).

Rannsóknir sýna að hjónaband er gott fyrir heilsuna. Þeir sem búa við gott hjónaband hafa betri andlega og líkamlega heilsu en einhleypir (Dush og Amato, 2005; Fuller, 2010).

2 Aðferð

2.1 Þátttakendur

Skilgreint þýði í þessari rannsókn voru þeir sem skildu (beinn lögskilnaður og skilnaður að borði og sæng) eða slitu sambúð hjá Sýslumanninum í Reykjavík á árunum 2005 og 2006, bjuggu hér á landi og höfðu nægjanlega íslenskukunnáttu til að svara spurningunum. Alls 1674 aðilar slitu sambúð eða skildu hjá Sýslumanninum í Reykjavík á þessum árum. Spurningalistar voru sendir til 1532 aðila þar sem 142 höfðu ekki skráð heimilisfang í þjóðskrá þegar rannsóknin fór fram. Endursendir listar frá póstinum voru 276. Því má gera ráð fyrir að spurningalistinn hafi borist 1256 aðilum. Af þeim voru 233 aðilar með erlent nafn. Tungumálakunnátta er ekki tilgreind í þjóðskrá. Því voru þessir aðilar teknir út úr þýðinu eftir að rannsakanda bárust símtöl frá nokkrum erlendum aðilum og í ljós kom að tungumálaörðugleikar gætu haft áhrif á svör þeirra þar sem spurningarnar kröfðust mjög góðrar íslenskukunnáttu. Það er í samræmi við aðgerð Lýðheilsustöðvar í rannsókn þeirra árið 2007, þar sem leiðrétta þurfti úrtakið eftir að gagnasöfnun hófst miðað við skilgreint þýði (Stefán Hrafn Jónsson, Jón Óskar Guðlaugsson, Haukur Freyr Gylfason og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, 2011). Alls svöruðu 315 spurningalistanum. Af þeim 315 var ekki hægt að notast við svör tveggja þátttakenda vegna þess að of fáum spurningum var svarað. Heildarfjöldi þátttakenda var því 313. Svarhlutfallið var 30,6%. Af þessum 313 voru 195 (62,3%) konur og 118 (37,7%) karlar sem svöruðu rannsókninni. Fjöldi þátttakenda sem áttu börn undir 18 ára aldri við skilnaðinn var 247 (78,9%). Flestir þátttakendur eða 46,7% höfðu lokið háskólanámi, 15,9% höfðu lokið starfs- eða iðnnámi og 12,6% framhaldsnámi eða stúdentsprófi. Á mynd eitt má sjá skiptingu á heildarfjölda þátttakenda.



Mynd 1. Fjöldi þátttakenda

Tafla 1 sýnir fjölda þátttakenda eftir mismunandi skilnaðarformi. Samtals svöruðu 167 aðilar sem fengið höfðu leyfi til skilnaðar að borði og sæng, 32 aðilar sem höfðu fengið leyfi til beins lögskilnaðar og 112 aðilar höfðu slitið skráðri sambúð. Tveir þátttakendur höfðu afmáð dulkóðun af innsendum spurningalista. Dulkóðunin greindi á milli skilnaðarforms og því er ekki vitað hvort um skilnað (skilnað að borði og sæng og beinn lögskilnaður) eða sambúðarslit var að ræða hjá þessum tveimur þátttakendum.

Tafla 1. Skipting svarenda eftir skilnaðarformi

Skilnaðarform	Fjöldi	%
Skilnaður að borði og sæng	167	53,4
Lögskilnaður (beinn)	32	10,2
Slit á skráðri sambúð	112	36,0
Afmáð merking	2	0,6
Samtals svör	313	100

2.2 Mælitæki

Spurningalisti höfundar (Viðauki 1). Höfundur setti saman lista með 39 spurningum. Átta spurningar voru um bakgrunnsþætti eins og kyn, aldur, atvinnu og menntun. Tíu

spurningar voru um aðdraganda og orsakir skilnaðar. Dæmi um slíkar spurningar eru „Hver óskaði eftir skilnaðnum/sambúðarslitunum hjá ykkur“ og „Hvert eftirtalinna atriða telur þú að hafi LEITT til skilnaðarins/sambúðarslitanna“. Tíu spurningar snérust um líðan, stöðu og aðlögun eftir skilnað. Dæmi um spurningar eru „Hver er núverandi hjúskaparstaða þín“, „Hversu mikil átök/ósætti áttu sér stað eftir skilnaðinn“ og „Hefur skilnaðurinn/sambúðarslitin slæm áhrif á líðan þína í dag“. Ellefu spurningar snéru að forsjármálum, dæmi um slíkar spurningar: „Var sameiginleg forsjá valin við skilnaðinn/sambúðarslitin“ og „hversu sátt/ur-ósátt/ur varstu með samkomulag um forsjá“.

Experiences in Close Relationships Scale –ECR (Brennan, Clark og Shaver, 1998) (Viðauki 1) er spurningalisti um náin sambönd. Hann mælir tengslamyndun fullorðinna á 36 atriða sjálfsmatskvarða. Svarmöguleikarnir eru á sjö punkta Likert-kvarða sem nær frá 1 = algjörlega ósammála til 7 = algjörlega sammála. Undirkvarðarnir eru tveir, forðun (*Avoidance*) og kvíði (*Anxiety*) sem hér verða notaðir. Hærri skor fela í sér meiri líkur á kvíðakenndri eða forðandi tengslamyndun í tilfinningatengslum við náinn sambandsaðila eða maka. Forðandi tengslakvarðinn mælir hversu óþægilegt einstaklingnum finnst að vera í persónulegum samböndum, hvort hann forðist nánd við aðra og hafi þörf fyrir að treysta aðeins á sjálfan sig. Dæmi um spurningu tengda forðandi tengslamyndun er: „Ég kys að láta þann sem ég á í sambandi við ekki vita hvernig mér líður í raun og veru“. Kvíðakenndi tengslakvarðinn mælir hversu upptekinn aðillinn er af sambandi sínu, ótta við höfnun og að vera yfirgefinn en þessir tveir síðarnefndu þættir eru aðalþættirnir í kvíðakenndu tengslamynduninni. Dæmi um spurningu tengda kvíðakenndri tengslamyndun er: „Ég hef áhyggjur af því að verða yfirgefin(-n)“ (Brennan o.fl., 1998). Innri áreiðanleiki þáttanna tveggja fyrir nokkrar bandarískar rannsóknir mældist $\alpha = 0,93 - 0,95$ fyrir forðandi kvarðann og $\alpha = 0,92 - 0,94$ fyrir kvíðakennda kvarðann (Wei, Russell, Mallinrodt og Vogel, 2007). Innri áreiðanleiki hér í þessari rannsókn reyndist vera $\alpha = 0,91$ fyrir kvíðakennda kvarðann og $\alpha = 0,89$ fyrir forðandi kvarðann. Þýðandi spurningalistans er Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur.

Quality of Life Scale –QOLS (Wahl, Burckhardt, Wiklund og Hanestad, 1998) (Viðauki 1) er 16 atriða sjálfsmatskvarði sem metur lífsgæði. Próftaki metur á 7 punkta kvarða, 7 = mjög ánægð(ur) til 1 = mjög óánægð(ur) hversu ánægður hann er með ýmsa þætti lífsins. Heildarstigafjöldi er því frá 16-112. Því fleiri stig því betri lífsgæði. Próffræðilegir eiginleikar norskrar útgáfu mælitækisins eru góðir. Innri áreiðanleiki var góður $\alpha = 0,86$ sem og endurprófunaráreiðanleiki $r = 0,83$. QOLS hefur meiri fylgni við andlega heilsu

en líkamlega (Wahl, Burckhardt, Wiklund og Hanestand, 1998). Mattías Guðmundsson og Ólafur Veigar Hrafnsson (2007) gerðu rannsókn á próffræðilegum eiginleikum íslensku útgáfunnar og reyndist listinn hafa góða próffræðilega eiginleika. Innri áreiðanleiki var góður $\alpha = 0,82 - 0,89$ sem og endurprófunaráreiðanleiki, $r = 0,72$. Innri áreiðanleiki hér í þessari rannsókn reyndist vera $\alpha = 0,88$. Þýðandi spurningalistans er Pétur Tyrfingsson, sálfræðingur.

2.3 Framkvæmd

Sótt var um leyfi fyrir framkvæmd rannsóknarinnar til Vísindasiðanefndar (Viðauki 2). Eftir að leyfi fékkst sá sýslumannsembættið til þess að rannsakandi hefði aðgang að lista yfir alla þá sem fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng/beinn lögskilnaður eða sambúðaslita á árunum 2005 og 2006 hjá embættinu (sá listi fór aldrei út úr húsakynnum embættisins og var í vörslu deildarstjóra). Á listanum komu fram nöfn þeirra sem skildu, núverandi heimilisfang, kyn og skilnaðarform, ár skilnaðar og kennitala. Rannsakandi bætti við dulkóðun inn á þann lista sem kom í staðinn fyrir kennitöluna. Eftir að dulkóðun hafði verið gerð og spurningalistar sendir út til þátttakenda hafði rannsakandi ekki lengur aðgang að listanum. Rannsakandi hafði einungis aðgang að dulkóðuninni en í henni var kyn aðgreint ásamt upplýsingum um hvort um var að ræða skilnað að borði og sæng, beinan lögskilnað eða sambúðarslit. Einnig var hægt að para fyrrverandi hjón saman eftir dulkóðuninni.

Spurningalistar voru sendir út með pósti ásamt kynningarbréfi (Viðauki 3). Dulkóðunarnúmer hvers og eins þátttakanda var límt á forsíðu spurningalistans. Þátttakendur gátu valið að svara listanum skriflega og senda hann til baka í ákveðið pósthólf þeim að kostnaðarlausu þar sem meðfylgjandi var umslag sem mátti setja ófrímerkt í póst (Viðauki 5). Einnig gátu þátttakendur skráð sig inn á netsíðu með sínu dulkóðunarnúmeri og svarað listanum rafrænt. Notast var við netforritið „Lime Survey“. Fimm vikum eftir að spurningalisti var sendur út var send ítrekun (Viðauki 6) á alla þátttakendur. Ítrekunarbréf voru sett í umslög á sama tíma og spurningalistar voru sendir út. Ekki fékkst leyfi hjá Vísindasiðanefnd til að senda út fleiri en eina ítrekun.

3 Niðurstöður

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir núverandi hjúskaparstöðu þátttakenda, menntun, skilnað foreldra þeirra og fjölda þeirra sem áttu börn undir 18 ára aldri.

Tafla 2. Yfirlit yfir núverandi hjúskaparstöðu, menntun og skilnað foreldra

		N (%)
<i>Kyn</i>	Karlar	118 (37,7)
	Konur	195 (62,3)
<i>Hjúskaparstaða</i>	Gift(ur)	53 (16,9)
	Staðfest samvist	9 (2,9)
	Í sambúð	88 (28,1)
	Fjarbúð	38 (12,1)
	Einhleyp(ur)	122 (39,0)
	Er að skilja/slíta sambúð	2 (0,6)
	Ekkja/ekkill	0 (0,0)
<i>Menntun</i>	Grunnskólanám	41 (13,1)
	Framhaldsskóli eða sambærilegt	115 (36,7)
	Háskólanám 3 ár eða lengra	147 (47,0)
	Ósvarað/annað	10 (3,2)
<i>Annað</i>	Foreldrar skildu ekki/slitu ekki sambúð	222 (70,9)
	Fjöldi sem átti börn undir 18 ára við skilnaðinn	247 (78,9)

Niðurstöður sýndu að flestir þátttakendur (þegar spurningalistanum var svarað) eru einhleypir eða 39,6% (einhleypir og eru að skilja), þar á eftir kemur fólk í sambúð 28,1% en hlutfall þeirra sem eru giftir er 16,9%. Nokkrir tilgreina staðfesta samvist eða níu manns. Þegar menntun þátttakenda er tekin saman hafa flestir lokið háskólaprófi eða 47% þátttakenda. Til samanburðar hafa 32,6% Íslendinga á aldrinum 25 – 64 ára lokið háskólaprófi (Hagstofan, e.d.). Rúm 13,1% þátttakenda höfðu ekki lokið frekara námi en grunnskólaprófi en til samanburðar eru 29,2% Íslendinga á aldrinum 25 – 64 ára með grunnenntun sem hæstu gráðu (Hagstofan, e.d.). Það er því ljóst að svarendur hafa að meðaltali meiri menntun en almennt gerist meðal íslensku þjóðarinnar.

3.1 Orsakir skilnaða

Í samræmi við rannsóknarspurningu 1 voru svör þátttakenda um hvaða orsakir þeir töldu að leitt hefði til skilnaðarins skoðuð með tilliti til kyns, menntunar og hvort foreldrar þeirra höfðu skilið. Spurningin um tilgreindar orsakir skiptist í tvennt. Fyrri hluti spurningar um hvað svarandi taldi að leitt hafi til skilnaðar var um meintar tilgreindar orsakir af hálfu svarandans sjálfs, makans eða beggja. Seinni hlutinn var um ágreining

um hin ýmsu mál þar sem svarmöguleikarnir voru aðeins já eða nei. Í töflu 3 má sjá hversu oft hlutfallslega þátttakendur merktu við þær meintu orsakir eftir því hvort um væri að ræða af eigin hálfu, maka eða beggja.

Tafla 3. Tilgreindar orsakir eftir kyni og heildarsvör.

Tilgreindar orsakir	Svör karla % (n=118)			Svör kvenna % (n=195)			Heildarsvör % (n=313)
	Ég	Maki	Bæði	Ég	Maki	Bæði	Alls
Andlegt ofbeldi	0,8	19,5	5,1	1	35,4	2,1	33,6
Áfengis/vímuefnavandamál	8,5	15,3	4,2	2,6	36,4	1,0	35,5
Geðræn vandamál	4,2	22,9	2,5	6,7	17,4	4,1	28,7
Framhjáhald, fast viðhald	5,9	9,3	0	2,6	22,1	0	21,1
Framhjáhald nokkrum sinnum	8,5	7,6	1,7	5,1	19,0	1,0	22,3
Maki hélt framhjá (einu sinni eða oftar)		15,3			32,8		26,2
Ástleysi	12,7	13,6	27,1	23,6	10,3	15,9	51,2
Afbrýðissemi	3,4	7,6	0,8	2,6	10,3	1,5	13,4
Varð ástfangin/n af öðrum aðila	9,3	5,9	0	10,8	11,8	0	19,8
Klámnotkun	0	1,7	0	1	9,2	0,5	7,3
Truflun vegna stjúpbarna	2,5	5,9	1,7	1	4,6	1,5	8,2
Netvandi	0,8	1,7	0	1	8,2	0,5	7,0
Breytingar urðu á högum okkar	4,2	4,2	7,6	1	5,6	9,7	16,2
Líkamlegt ofbeldi	0	3,0	0	0,5	6,7	0	5,6
Misnotkun í æsku	2,5	8,5	0,8	4,1	1,0	0,5	8,0
Kvennasjálfsþæði	0,8	6,8	0	7,2	1,5	0	8,2
Truflun frá fyrri mökum	3,4	5,9	0	1,5	2,1	0,5	6,1
Sjúkdómar	1,7	5,1	0	2,6	2,1	0	5,4
Spilavandi	1,7	2,5	0	0,5	4,1	0	4,5
Karlasjálfsþæði	2,5	0,8	0	0	5,6	0,5	5,1
Atvinnuleysi	1,7	0	0	0	6,2	1,0	5,9
Menningarmunur	2,5	3,4	5,1	1,5	0,5	7,2	9,9
Afbrotahæðun	0	0,8	0	0	2,1	0,5	1,9
Ófrjósemi	0	0,8	0	1,0	1,0	0,5	1,9
Samkynhneigð	0,8	1,7	0	1,5	0	0	1,9
Málamyndaskilnaður/sambúðarslit	0,8	0	1,7	1,0	1,5	0	2,6
Sjúkdómar/fötlun barns	0	0,8	1,7	0,5	0,5	3,6	3,8
Ágreiningur í uppeldismálum	-	-	10,2	-	-	22,6	17,9
Ágreiningur um heimilisstörf	-	-	9,3	-	-	24,1	18,5
Ágreiningur í kynlífsmálum	-	-	20,3	-	-	27,2	24,6
Ágreiningur um forgangsröðun heimilis, fjölsk. og frístunda	-	-	26,3	-	-	46,2	38,7
Samskiptaerfiðleikar almennt (rifrildi)	-	-	39,8	-	-	44,1	42,5
Áttum ekki lengur samleið	-	-	69,5	-	-	60,0	63,6
Fjárhagsvandamál	-	-	15,3	-	-	23,1	20,1
Óeining um skuldbindingar	-	-	8,5	-	-	16,9	13,7
Annað	-	-	28,8	-	-	32,3	31

Niðurstöður er lúta að rannsóknarspurningu 1 um hvað fráskildir telji að leitt hafi til skilnaðarins sýndu að algengasta ástæðan sem þátttakendur tilgreindu var að þeir áttu ekki lengur samleið með maka sínum (63,6%). Næstalgengasta tilgreinda orsökina var ástleysi (51,2%). Þar á eftir komu samskiptaerfiðleikar almennt (rifrildi) tilgreint í 42,5% tilvika og í fjórða sæti var ágreiningur um forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda (38,7%). Fimmasta algengasta tilgreinda orsökina var áfengis- eða vímuefnavandamál (35,5%) og fast þar á eftir fylgdi andlegt ofbeldi (33,5%). Geðræn vandamál voru tilgreind sem ástæða hjá 28,7% þátttakenda. Framhjáald maka var tilgreint í 26,2% tilvika (þar er búið að taka saman framhjáald maka nokkrum sinnum og framhjáald, fast viðhald) og síðan ágreiningur í kynlífsmálum (24,6%). Í tíunda sæti var að svarandi, maki eða báðir aðilar hefðu orðið ástfangnir af öðrum aðila (19,8%). Aðrar orsakir nefndu þátttakendur í minna en 19% tilvika.

3.2 Tilgreindar orsakir eftir kyni

Í töflu 3 má sjá að karlar tilgreindu oftast að þau ættu ekki lengur samleið (69,5%), síðan samskiptaerfiðleika (39,8%), ástleysi beggja (27,1%) og geðræn vandamál maka (22,9%). Andlegt ofbeldi maka (19,5%) var í fjórða sæti og þar á eftir framhjáald maka og áfengis- og vímuefnavandamál sem var tilgreint jafn oft eða í 15,3% tilvika.

Ástæðan sem konur tilgreindu oftast (tafla 3) var hin sama og karlar eða „áttum ekki lengur samleið“ (60%). Þar á eftir kom „ágreiningur um forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda (46,2%). Í þriðja sæti yfir tilgreindar ástæður kvenna var áfengis- og vímuefnavandamál maka eða í 36,4% tilvika. Næst nefndu konur andlegt ofbeldi maka (35,4%) og í fimmta sæti var framhjáald maka (32,8%). Sjötta tilgreinda ástæðan sem konur nefndu var ágreiningur um heimilisstörf (24,1%).

3.2.1 Marktækur munur eftir kyni

Til þess að skoða hvort marktækur munur væri á tilgreindum orsökum eftir kyni var kíkvaðrat martektarpróf reiknað (*Chi-Square test*). Þar voru tekin saman heildarsvör svaranda (ég, maki, bæði). Niðurstöður kíkvaðratsprófa má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Tilgreindar orsakir (samtal af minni hálfu, maka eða beggja) eftir kyni.

Orsakir	Karlar	Konur	χ^2
Framhjáhald maka			
Tilgreind orsök	18 (15,3%)	64 (32,8%)	11,73**
Ekki tilgreind orsök	100 (84,7)	131 (67,2%)	
Áfengis- og vímuefnavandi			
Tilgreind orsök	33 (28,0%)	78 (40,0%)	4,65*
Ekki tilgreind orsök	85 (72,0%)	117 (60,0%)	
Andlegt ofbeldi			
Tilgreind orsök	30 (25,4%)	75 (38,5%)	5,61*
Ekki tilgreind orsök	88 (74,6%)	120 (61,5%)	
Atvinnuleysi			
Tilgreind orsök	2 (1,7%)	14 (7,2%)	4,56*
Ekki tilgreind orsök	116 (98,3%)	181 (92,8%)	
Klámnotkun			
Tilgreind orsök	2 (1,7%)	21 (10,8%)	8,89*
Ekki tilgreind orsök	116 (98,3%)	174 (89,2%)	
Misnotkun			
Tilgreind orsök	14 (11,9%)	11 (5,6%)	3,87*
Ekki tilgreind orsök	104 (88,1%)	184 (94,4%)	
Netvandi			
Tilgreind orsök	3 (2,5%)	19 (9,7%)	5,83*
Ekki tilgreind orsök	115 (98%)	176 (90,3%)	
Ágreiningur um heimilisstörf			
Tilgreind orsök	11 (9,3%)	47 (24,1%)	10,63**
Ekki tilgreind orsök	107 (90,7%)	148 (75,9%)	
Ágr. um forgangsroðun heimilis/fjölskyldu/frístunda			
Tilgreind orsök	31 (26,3%)	90 (46,2%)	12,26**
Ekki tilgreind orsök	87 (73,7%)	105 (53,8%)	
Óeining um skuldbindingar			
Tilgreind orsök	10 (8,5%)	33 (16,9%)	4,43*
Ekki tilgreind orsök	108 (91,5%)	162 (83,1%)	

* $p < 0,05$ ** $p < 0,001$

Marktækur munur reyndist vera á milli kynja hversu oft framhjáhald maka var tilgreint sem orsök skilnaðar ($\chi^2 (1, 313) = 11,73$ $p < 0,01$. Konur (32,8%) nefndu oftast en karlar (15,3%) að framhjáhald maka hafi leitt til skilnaðarins. Einnig var marktækur munur á hversu oft andlegt ofbeldi var nefnt sem orsök skilnaðarins eftir kyni $\chi^2 (1, 313) = 5,6$, $p < 0,05$. Alls nefndu 38,5% kvenna þann orsakapátt á móti 25,4% karla. Þegar atvinnuleysi er skoðað var marktækur munur eftir kyni $\chi^2 (1, 313) = 4,56$, $p < 0,05$ en fleiri konur en karlar nefna atvinnuleysi sem orsakapátt eða 7,2% á móti 1,7% karla. Marktækur munur var á milli kynja varðandi það hversu oft þátttakendur tilgreindu áfengis- og vímuefnavandmál sem orsök skilnaðar, $\chi^2 (1, 313) = 4,65$, $p < 0,05$. Konur tilgreindu það sem orsök í 40,0% tilvika en karlar í 28,0% tilvika. Einnig var marktækur munur á

klámnotkun sem orsök eftir kyni $\chi^2 (1, 313) = 8,89$ $p < 0,05$. Konur (10,8%) nefndu þann þátt oftast en karlar (1,7%). Karlar (11,9%) nefndu oftast en konur (5,6%) að maki eða hann/hún sjálf/ur hafi verið misnotaður í æsku sem orsakabátt skilnaðar, $\chi^2 (1, 313) = 3,87$, $p < 0,05$. Marktækur munur var eftir kyni á netvanda, $\chi^2 (1, 313) = 5,83$, $p < 0,05$ en algengara var að konur (9,7%) tilgreindu þann þátt sem orsök skilnaðarins en karlar (2,5%). Kyn hefur augljóslega áhrif á hvaða orsakir eru tilgreindar.

3.2.2 Ágreiningur sem orsök skilnaðar

Niðurstöður kíkvaðrats prófs (tafla 4) sýndu að töluvert hærra hlutfall kvenna en karla tilgreina ágreining um heimilisstörf sem orsök skilnaðarins eða 24,1% en aðeins 9,3% karla og var munurinn marktækur, $\chi^2 (1, 313) = 10,64$, $p = 0,01$. Einnig var marktækur munur á hversu oft forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda var tilgreind sem orsök eftir kyni, $\chi^2 (1, 313) = 12,25$, $p < 0,01$. Konur nefndu þann ágreining í 46,2% tilvika á móti 26,3% karla. Að lokum er marktækur munur eftir kyni á svörum um óeiningu um skuldbindingar. Konur svara í 16,9% tilvika að það hafi meðal annars leitt til skilnaðarins á móti 8,5% karla, $\chi^2 (1, 313) = 4,42$, $p < 0,05$. Kyn virðist því hafa áhrif á það hvort ágreiningur um heimilisstörf sé nefndur sem orsök skilnaðar, ágreiningur um forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda ásamt óeiningu um skuldbindingar.

3.2.3 Menntun og skilnaður foreldra

Skoðað var hvort orsakir skilnaða tengdust menntun þátttakenda. Marktækur munur var á hversu oft geðrænn vandi var tilgreind sem orsök eftir menntun $\chi^2 (1, 303) = 6,25$, $p < 0,05$. 41,5% þeirra sem nefndu geðræn vandamál sem orsök skilnaðar voru með grunnskólapróf sem hæstu gráðu en 30,6% með háskólapróf. Ekki er marktækur munur á öðrum tilgreindum orsökum eftir menntunarstigi ($p > 0,05$).

Þegar skoðað er hvort foreldrar þátttakenda höfðu skilið eða slitið sambúð þá sýndu niðurstöður að foreldrar 70,9% þátttakenda höfðu ekki skilið né slitið sambúð (tafla 5). Þannig má leiða líkum að því að mikill meirihluti þátttakenda hafi alist upp hjá báðum foreldrum. Foreldrar 4,9% þátttakenda bjuggu aldrei saman og foreldrar 22,1% þátttakenda skildu eða slitu sambúð. Ekki var marktækur munur á nefndum orsökum skilnaðar eftir því hvort að foreldrar þátttakenda hefðu skilið eða ekki ($p > 0,05$).

3.2.4 Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir

Kannað var hvort ákveðnir lýðfræðilegir og stöðulegir þættir eins og kyn, menntun, og skilnaður foreldra tengdust núverandi hjúskaparstöðu. Einnig var skoðað eftir hjúskaparstöðu hversu sáttur eða ósáttur svarandinn var við þá ákvörðun að skilja. Skoðað var hvort munur væri eftir hjúskaparstöðu hvort ráðgjafar hafi verið leitað til að hindra skilnað. Niðurstöður má sjá í töflu 5.

Tafla 5. Núverandi hjúskaparstaða svarenda eftir kyni, menntun, skilnaði foreldra, sáttur/ur ósátt/ur við skilnað og hvort ráðgjafar var leitað til að hindra skilnað.

	Hjúskaparstaða		χ^2
	Einhleypir	Í sambandi	
Kyn			
Karl	37 (29,8%)	81 (42,9%)	5,4*
Kona	87 (70,2%)	108 (57,1%)	
Menntun			
Grunnskóli	22 (18,3%)	19 (10,4%)	3,98
Framhaldsskóli eða sambærilegt	44 (36,7%)	71 (38,8%)	
Háskóli	54 (45,0%)	93 (50,8%)	
Skilnaður foreldra			
Foreldrar skildu/Bjuggu aldrei saman	30 (24,6%)	56 (30,1%)	1,11
Foreldrar skildu ekki	92 (75,4%)	130 (69,9%)	
Sátt/ur eða ósátt/ur við skilnað			
Sátt/ur	74 (59,7%)	131 (70,8%)	4,12*
Ósátt/ur	50 (40,3%)	54 (29,2%)	
Ráðgjafar leitað f. Skilnað			
Já	119 (63,3%)	79 (63,7%)	0,05
Nei	69 (36,7%)	45 (36,3%)	

* $p < 0,05$

Þegar skoðaðar voru niðurstöður varðandi það hverjir þátttakenda hafa hafið nýja sambúð og hverjir ekki reyndist vera marktækur munur á hjúskaparstöðu eftir kyni, $\chi^2 (1, 313) = 5,4$, $p < 0,05$. Af þeim sem eru einhleypir eru hlutfallslega fleiri konur (70,2%) en karlar (29,8%). Einnig er marktækur munur á hjúskaparstöðu þátttakenda eftir hversu sátt eða ósátt fólk var við þá ákvörðun að skilja, $\chi^2 (1, 309) = 4,12$, $p < 0,05$. Hærra hlutfall þeirra sem eru í sambandi voru sáttir við þá ákvörðun að skilja eða 70,8% á móti 59,7% þeirra sem eru einhleypir. Af þeim sem eru í sambandi voru 29,2% ósáttir við þá ákvörðun að skilja en 40,3% einhleypira. Niðurstöður sýndu einnig að konur eiga mun oftar frumkvæðið að því að óska eftir skilnaði en karlar. Í þeim tilvikum þar sem aðeins annar aðilinn (ekki báðir) hafði óskað eftir skilnaði var það í 33,9% tilvika karlinn en í 65,3% tilvika konan.

Ekki var marktækur munur á hjúskaparstöðu eftir því hvort að foreldrar þátttakenda hefðu skilið eða slitið sambúð né á menntun og hvort að ráðgjafar hafi verið leitað (tafla 5).

Rannsóknarspurning 2 fjallaði einnig um hvort munur sé á orsökum skilnaðar eftir hjúskaparstöðu þátttakenda. Niðurstöður allra tilgreindra orsaka eftir hjúskaparstöðu má sjá í töflu 6.

Tafla 6. Tilgreindar orsakir skilnaða eftir núverandi hjúskaparstöðu.

Orsakir	Einhleypir (n=124)			Í sambandi (n=189)		
	Ég	Maki	Við bæði	Ég	Maki	Við bæði
Líkamlegt ofbeldi	0	10 (8,1%)	0	1 (0,5%)	7 (3,7%)	0
Andlegt ofbeldi	1 (0,8%)	38 (30,6%)	5 (4,0)	2 (1,1%)	54 (28,6%)	5 (2,6%)
Áfengis-/vímuefnavandamál	5 (4,0%)	40 (32,3%)	3 (2,4%)	10 (5,3%)	49 (25,9%)	4 (2,1%)
Geðræn vandamál	12 (9,7%)	21 (16,9)	4 (3,2%)	6 (3,2%)	40 (21,2%)	7 (3,7%)
Atvinnuleysi	1 (0,8%)	7 (5,6%)	0	1 (0,5%)	5 (2,6%)	2 (1,1%)
Klámnotkun	1 (0,8%)	12 (9,7%)	0	1 (0,5%)	8 (4,2)	1 (0,5%)
Framhjáald fast viðhald	1 (0,8%)	33 (26,6%)	0	11 (5,8%)	21 (11,1%)	0
Framhjáald stöku sinnum	6 (4,8%)	25 (20,2%)	1 (0,8%)	14 (7,4%)	21 (11,1%)	3 (1,6%)
Hefur orðið fyrir framhjáaldi maka		45 (36,3%)			37 (19,6%)	
Ástleysi	25 (20,2%)	17 (13,7%)	19 (15,3%)	36 (19,0%)	19(10,1%)	44 (23,3%)
Ófrjósemi	0	2 (1,6%)	0	2 (1,1%)	1 (0,5%)	1 (0,5%)
Sjúkdómar/fötln e. slys/ veikindi	6 (4,8%)	4 (3,2%)	0	1 (0,5%)	6 (3,2%)	0
Truflun frá maka úr fyrri samböndum	2 (1,6%)	4 (3,2%)	0	5 (2,6%)	7 (3,7%)	1 (0,5%)
Truflun vegna stjúpbarna	1 (0,8%)	8 (6,5%)	2 (1,6%)	4 (2,1%)	8 (4,2%)	3 (1,6%)
Kvennasjálfstæði	7 (5,6%)	3 (2,4%)	0	8 (4,2%)	8 (4,2%)	0
Karlasjálfstæði	1 (0,8%)	6 (4,8%)	0	2 (1,1%)	6 (3,2%)	1 (0,5%)
Afbryðisemi	6 (4,8%)	11 (8,9%)	1 (0,8%)	3 (1,6%)	18 (9,5%)	3 (1,6%)
Málamyndaskilnaður	1 (0,8%)	2 (1,6%)	0	2 (1,1%)	1 (0,5%)	2 (1,1%)
Varð ástfanginn af öðrum aðila	3 (2,4%)	14 (11,3%)	0	29 (15,3%)	16 (8,5%)	0
Afbrotahæðun	0	3 (2,4%)	0	0	2 (1,1%)	1 (0,5%)
Menningarmunur	1 (0,8%)	1 (0,8%)	10 (8,1%)	5 (2,6%)	4 (2,1%)	10 (5,3%)
Breytingar urðu á högum okkar	1 (0,8%)	5 (4,0%)	11 (8,9%)	6 (3,2%)	11 (5,8%)	17 (9,0%)
Misnotkun í æsku	8 (6,5%)	5 (4,0%)	0	3 (1,6%)	7 (3,7%)	2 (1,1%)
Samkynhneigð	1 (0,8%)	0	0	3 (1,6%)	2 (1,1%)	0
Netvandi	2 (1,6%)	9 (7,3%)	1 (0,8%)	1 (0,5%)	9 (4,8%)	0
Spilavandi	3 (2,4%)	7 (5,6%)	0	0	4 (2,1%)	0
Sjúkdómar/fötln barns	0	0	3 (2,4%)	1 (0,5%)	2 (1,1%)	6 (3,2%)
Ágreiningur um uppeldi	-	-	19, (15,3%)	-	-	37 (19,6%)
Ágreiningur um heimilisstörf	-	-	23 (15,3%)	-	-	35 (18,5%)
Ágreiningur í kynlífsmálum	-	-	35 (28,25%)	-	-	42 (22,2%)
Ágr. um forgangsröðun heimili o.fl	-	-	53 (42,7%)	-	-	68 (36,0%)
Samskiptaerfiðleikar (rifrildi)	-	-	54 (43,5)	-	-	79 (41,8%)
Áttum ekki lengur samleið	-	-	75 (60,5%)	-	-	124 (65,6%)
Fjárhagsvandmál	-	-	27 (21,8%)	-	-	36 (19,0%)
Óeining um skuldbindingar	-	-	17 (13,7%)	-	-	26 (13,8%)
Annað	-	-	44 (35,5%)	-	-	53 (28,0%)

Fyrir utan tilgreinda orsök svarenda um að eiga ekki lengur samleið (sem var oftast tilgreint hjá báðum hópum) voru samskiptaerfiðleikar það atriði sem báðir hópar nefndu næst oftast. Einhleypir tilgreindu samskiptaerfiðleika aðeins oftar eða í 43,5% tilvika á móti 41,8% tilvika þeirra sem eru í sambandi. Ágreiningur um forgangsroðun heimilis, fjölskyldu og frístunda var oftast tilgreindur hjá einhleypum (42,7%) en hjá þeim sem eru sambandi (36,0%). Framhjáhald maka er mun oftast nefnt sem orsök skilnaðar hjá einhleypum (36,3%) en hjá þeim sem eru í sambandi (19,6%). Einhleypir tilgreina því næst áfengis- og fíkniefnavandamál maka sem orsök í 32,3% tilvika. Þriðja algengasta orsök sem einhleypir nefna er andlegt ofbeldi eða í 30,6% tilvika. Andlegt ofbeldi af hálfu maka (28,6%) er sú orsök sem oftast er tilgreind af hálfu maka hjá þeim sem eru komnir aftur í samband og áfengis- og vímuefnavandamál þar á eftir (25,9%).

Skoðað var hvaða orsakir tengdust hjúskaparstöðu þátttakenda með kíkvaðratprófi (tafla 7).

Tafla 7. Marktækur munur á orsökum eftir hjúskaparstöðu

Orsakir	Hjúskaparstaða		χ^2
	Einhleypir	Í sambandi	
Framhjáhald maka			
Tilgreind orsök	45 (36,3%)	37 (19,6%)	10,82**
Ekki tilgreind orsök	79 (63,7%)	152 (80,4%)	
Ástfangin/n af öðrum			
Tilgreind orsök	17 (13,7%)	45 (23,8%)	4,81*
Ekki tilgreind orsök	107 (86,3%)	144 (76,2%)	
Spilavandi			
Tilgreind orsök	10 (8,1%)	4 (2,1%)	6,2*
Ekki tilgreind orsök	114 (38,1%)	185 (61,9%)	

* $p < 0,05$ ** $p < 0,01$

Marktækur munur var á hversu oft framhjáhald maka var tilgreint sem orsök skilnaðar eftir hjúskaparstöðu, $\chi^2 (1, 313) = 10,82, p < 0,01$. Framhjáhald maka var oftast tilgreint sem orsök skilnaðar meðal einhleypra (36,3%) en þeirra sem eru í sambandi (19,6%). Þeir einhleyphu höfðu því frekar orðið fyrir framhjáhaldi maka. Marktækur munur er einnig á því hversu oft maki eða svarandi sjálfur nefnir ástæðuna varð ástfanginn af öðrum aðila sem orsök eftir sambúðarformi, $\chi^2 (1, 313) = 4,81, p < 0,05$. Alls 23,8% þeirra sem eru í sambandi í dag tilgreindu þessa orsök en 13,7% einhleypra. Þetta á einnig við um spilavanda $\chi^2 (1, 313) = 6,2, p < 0,05$. Alls nefndu 8,1% einhleypra spilavanda sem orsök skilnaðar á móti 2,1% þeirra sem eru í sambandi. Ekki var marktækur munur á öðrum nefndum orsökum eftir núverandi hjúskaparstöðu ($p > 0,05$).

3.3 Tengslamyndun þátttakenda eftir hjúskaparstöðu

Samkvæmt rannsóknarspurningu 3 var skoðað hvort munur væri á tengslamyndun svarenda eftir núverandi hjúskaparstöðu. Þeir sem eru einhleypir mælast hærrí á forðunarkvarða tengslamyndunarprófsins sem og á kvíðakvarða. Þeir sem eru í sambandi mælast hærrí á lífsgæðakvarða og mælast því með betri lífsgæði en þeir sem einhleypir eru (tafla 8).

Tafla 8. Marktektarpróf á tegundum tengslamynda og lífsgæða svarenda eftir núverandi hjúskaparstöðu.

	Einhleypir		Í sambandi		T
	N	Meðaltal (S.fv)	N	Meðaltal (s.fv)	
Forðun	118	3,19 (1,08)	186	2,61 (0,89)	-5,10**
Kvíði	117	3,61(1,02)	186	2,97 (0,91)	-5,50**
QOLS	116	81,73 (14,68)	174	86,08 (12,92)	2,59*

** $p < 0,01$, * $p < 0,05$

Niðurstöður sýna að marktækur munur er á tengslamynduninni forðun ($t(1,302) = -5,10$, $p < 0,001$) og kvíða ($t(1, 206,02) = -5,5$, $p < 0,001$) eftir núverandi hjúskaparstöðu þátttakenda (tafla 8). Þeir þátttakendur sem eru einhleypir mælast frekar með forðandi og kvíðakennda tengslamyndun en þeir sem eru í sambandi.

3.4 Lífsgæði og núverandi hjúskaparstaða

Mögulegur munur á lífsgæðum þeirra sem eru einhleypir og þeirra sem eru það ekki var inntak rannsóknarspurningar 4. Niðurstöður sýndu að marktækur munur var á lífsgæðum þátttakenda eftir hjúskaparstöðu ($t(224,56) = 2,59$, $p < 0,05$). Einhleypir telja sig búa við minni lífsgæði en þeir sem eru í sambandi.

4 Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að afla upplýsinga um hvaða orsakir fráskið fólk telur að leitt hafi til skilnaðar þeirra. Þátttakendur voru þeir sem skildu eða slitu sambúð hjá sýslumanninum í Reykjavík á árunum 2005 og 2006.

4.1 Aðferðafræðileg vandamál

Áður en lengra er haldið er vert að nefna aðferðafræðileg vandamál sem geta verið til staðar í flestum rannsóknum. Sendir voru út spurningalistar í pósti til þátttakenda þar sem jafnframt var boðið upp á að svara á tölvutæku formi. Svarhlutfallið í þessari rannsókn var 30,6%. Lágt svarhlutfall er alþekkt vandamál póstkannanna. Samkvæmt Kerlinger (1986) næst yfirleitt ekki hærra en 40-50% svarhlutfall í póstkönnunum. Þegar þátttökuhlutfall erlendar rannsóknar (póstkönnun) um sama efni og í þessari rannsókn er skoðað kemur í ljós svipað svarhlutfall eða 33,4% og var tekið fram að einungis ein ítrekun hafi verið send eins og hér var gert. Það hefur augljóslega áhrif á svarhlutfall. Þar kemur einnig fram að þær rannsóknir þar sem hluti þátttakenda kunna að vera syrgjendur þá svari þeir síður en aðrir vegna þess að þeir eru í tilfinningalegu ójafnvægi (Thuen og Rise, 2001; Clarke og Williams, 1979; Cooper, 1980). Það er í samræmi við það að nokkrir þátttakendur höfðu samband við rannsakanda þar sem þeir létu vita að þeir treystu sér ekki til að rifja upp þessa erfiðu lífsreynslu. Annað aðferðafræðilegt vandamál er að um frekar einsleitan hóp var að ræða þar sem 47% þátttakenda voru með háskólapróf, þrjú ár eða meira, og er það hærra en almennt gengur og gerist meðal Íslendinga (Hagstofan, e.d.). Fleiri konur en karlar svöruðu rannsókninni. Það voru 40 fyrrverandi hjón eða sambýlisfólk sem voru svarendur en ekki var nýttur sá möguleiki að bera saman svör þeirra að þessu sinni. Því er hér einungis um svör annars makans að ræða.

4.2 Samanburður við erlendar rannsóknir

Ekki er vitað um að gerð hafi verið sambærileg rannsókn við þessa hvorki hérlendis né erlendis. Því er mikilvægt að hafa í huga að samanborið við erlendar niðurstöður, sem getið var í inngangi, að ekki er um alveg sambærilegar rannsóknir að ræða. Rannsókn Amato og Previti (2003) var ekki með staðlaðan spurningalista, heldur símaviðtöl þar sem fólk gat nefnt fleiri en eina ástæðu fyrir skilnaði eða sambúðarslitum. Rannsókn Wolcott og Hughes (1999) byggði á stöðluðum spurningalista þar sem aðeins átti að tilgreina eina meginorsök. Í báðum þessum rannsóknum var um heildarsvör karla og kvenna um hvað þau teldu almennt að hafi leitt til skilnaðarins en ekki hver átti í hlut (ég, hinn aðilinn eða báðir) nema að litlu leyti. Hér í þessari rannsókn gátu þátttakendur

tilgreint öll þau atriði sem nefnd voru í spurningalistanum og einnig hver átti í hlut, hann sjálfur/hún sjálf, maki eða bæði.

4.3 Orsakir skilnaða

Með rannsóknarspurningu 1 var leitað svara við því hvað þátttakendur teldu vera helstu meintar orsakir sem leitt hefðu til skilnaðar, eftir kyni, menntun og hvort foreldrar þeirra hafi skilið eða slitið sambúð.

Þessi rannsókn byggði á svörum fólks sem skildi eða sleit skráðri sambúð hjá sýslumanninum í Reykjavík á árunum 2005 og 2006. Í ljós kom að sú ástæða skilnaða sem oftast var nefnd hjá báðum kynjum er að eiga ekki lengur samleið með maka sínum. Þessi niðurstaða er í samræmi við niðurstöður skilnaðarrannsókna Amato og Previti, 2003 og Wolcott og Hughes, 1999, en í báðum þeim rannsóknum er þessi orsök tilgreind sem ein af helstu ástæðum skilnaða. Þessi tilgreinda orsök er víðtæk og undir hana geta fallið ýmsar aðrar tilgreindar ástæður sem fram koma í niðurstöðunum. Því má ætla að þessi ástæða sé endanleg niðurstaða þegar konur og karlar, annað eða bæði, taka ákvörðun um skilnað. Aðrar helstu orsakir sem koma næst þar á eftir eru ástleysi, samskiptaerfiðleikar, ágreiningur um forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda, áfengis-og vímuefnavandamál og andlegt ofbeldi, í þessari röð. Allar þessar tilgreindu ástæður eiga sér samsvörun í erlendum niðurstöðum sambærilegra rannsókna (Amato og Previti, 2003; Wolcott og Hughes, 1999). Athyglisvert er að þær þrjár orsakir sem oftast er nefndar eru almenns eðlis og þátttakendur geta auðveldlega skilgreint sig innan þeirra orsaka. Næstu þrjár eru skýrt afmarkaðar ástæður og meira áþreifanlegt vandamál þar sem augljóst er hver gerandinn er að mati annars eða beggja aðila.

Í þessari rannsókn var fólk spurt hvort það hefði verið ánægt með maka sinn þegar það hóf sambúð eða hjónaband og höfðu 87,9% verið mjög og frekar ánægðir í upphafi. Ekki hefur verið fjallað sérstaklega um þessar upplýsingar hér að framan en er getið hér til upplýsinga.

4.3.1 Tilgreindar meintar orsakir eftir kyni

Hlutfallslega tilgreindu bæði konur og karlar ástæðuna að eiga ekki lengur samleið og samskiptaerfiðleika svipað. Þegar spurt var um ástæðuna ástleysi kom í ljós að konur töldu sig mun oftár en karlar að hafa orðið afhuga maka sínum.

Einnig reyndist marktækur munur vera varðandi ágreining um forgangsröðun heimilis, fjölskyldu og frístunda og ágreiningur um heimilisstörf. Þann þátt tilgreina konur oftár en karlar. Athyglisvert er að í raun staðfesta þessar niðurstöður, í það minnsta hjá konum, að þessi ágreiningur sé mjög stór áhættuþáttur fyrir skilnaði. Eins og fram kom í

inngangi er líklegt að konur og karlar meti unnin heimilisstörf öðruvísi (Lee og Waite, 2005). Þessar niðurstöður geta gagnast meðferðaraðilum, því gagnlegt getur verið að sýna niðurstöður rannsókna um áhættuþætti skilnaða.

Marktækur munur er einnig á svörum um áfengis-og vímuefnavandamál maka. Konur tilgreindu þetta vandamál maka síns sem orsök skilnaðar mun oftast en karlar. Það er í samræmi við erlendar rannsóknir (Amato og Previti, 2003; Wolcott og Hughes, 1999). Þessar niðurstöður styðja við upplýsingar frá SÁÁ þar sem fram kemur að líkur á því að karlar þurfi að leita sér aðstoðar vegna áfengis-og vímuefnavandamála eru helmingi meiri en hjá konum (SÁÁ). Þetta bendir til að fleiri karlar en konur eigi við þetta vandamál að stríða. Benda má á að í rannsókn um ofbeldi karla gegn konum sem getið er í inngangi kemur fram að þær konur sem hafa skilið og eru komnar aftur í samband tilgreina að þær verði mun sjaldnar fyrir ofbeldi maka síns í nýja sambandinu en í sömu rannsókn kemur jafnframt fram að áfengisneysla seinni maka er líka mun minni (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Ekki er ólíklegt að samband sé þarna á milli samanber að á vef Velferðarráðuneytisins eru birtar bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar þar sem fram kemur að 68% gerenda í heimilisofbeldi eru undir áhrifum áfengis-og vímuefna (Velferðarráðuneytið, 2012).

Andlegt ofbeldi maka er oftast nefnt sem orsakir skilnaðar af konum en körlum og er munurinn marktækur. Þrátt fyrir það virðast konur beita karlmenn andlegu ofbeldi í talsverðum mæli. Athyglisvert er að svo til enginn þátttakandi, hvorki karl né kona, tilgreindi að hann sjálfur hefði beitt maka sinn andlegu ofbeldi. Þá vekur athygli að niðurstöður rannsóknar á ofbeldi karla gegn konum sýndu að 80% þeirra kvenna höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Hugsanlegt er að misræmi sem fram kemur milli þessarar rannsóknar og þeirrar sem hér er getið geti stafað af framsetningu spurningarinnar um andlegt ofbeldi.

Karlar nefna geðræn vandamál maka oftast en konur. Ekki er vitað hvers eðlis þessi geðrænu vandamál eru og hvort um ákveðna sjúkdómsgreiningu sé að ræða. Mögulega getur verið að hér sé um samskiptaerfiðleika eða áfengisvandamál að ræða.

Framhjáald maka er mun algengari tilgreind orsök hjá konum en körlum og er munurinn marktækur. Í rannsókn Amato og Previti, 2003 var framhjáald oftast nefnt sem orsök skilnaðar en hér er hún í áttunda sæti yfir tilgreinda orsök skilnaðar.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort foreldrar þeirra hefðu skilið eða slitið sambúð. Niðurstöður sýndu að tæplega $\frac{3}{4}$ foreldra svarenda höfðu aldrei skilið eða slitið sambúð. Það er í samræmi við niðurstöður Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. (1995) sem sýndu að þeir svarendur sem voru fráskildir höfðu flestir (73%) búið eingöngu hjá báðum foreldrum í

æsku. Þessar íslensku niðurstöður koma talsvert á óvart þar sem fjöldi erlendra rannsókna hefur sýnt fram á tengsl skilnaða foreldra og síðar skilnaðar barna þeirra (Amato, 1996; Amato og DeBoer, 2001; Lehrer, 2006 og D'Onofrio o.fl., 2007).

4.3.2 *Hjúskaparstaða eftir skilnað og tengsl við orsakir*

Rannsóknarspurning 2 fjallaði um hvort marktækur munur væri á tilgreindum orsökum svarenda og núverandi hjúskaparstöðu. Einnig var skoðað hvort ákveðnir þættir einkenndu svarendur eftir núverandi hjúskaparstöðu; eftir menntun svarenda, hvort foreldrar þeirra hafi skilið, hversu sáttir þeir voru við þá ákvörðun að skilja og hvort konur eða karlar ættu oftast frumkvæðið að því að óska eftir skilnaði.

Flestir þátttakendur voru einhleypir og voru konur þar í meirihluta. Þetta er í samræmi við samantekt sem gerð var í Ástralíu á þróun fjölskyldunnar. Þar kom fram að meiri líkur eru á að karlar fari aftur í samband en konur (de Vaus, 2004). Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. (2008) sýndi að fleiri karlar hefja nýtt samband eftir skilnað en konur.

Ekki reyndist vera marktækur munur á hjúskaparstöðu þátttakenda þegar horft er til menntunar þeirra, skilnaði foreldra svarenda og hvort viðkomandi hafi leitað ráðgjafar til að hindra skilnað.

Spurt var hvort þátttakendur hafi verið sáttir eða ósáttir við þá ákvörðun að skilja. Niðurstöður sýndu að þeir sem eru einhleypir höfðu verið ósáttari við þá ákvörðun að skilja en hinir og var munurinn marktækur. Svo virðist sem þeir sem voru ósáttir við þá ákvörðun hefji síður nýja sambúð en hinir.

Áhugavert er að áberandi fleiri konur eiga frumkvæði að því að óska eftir skilnaði og eru bæði kynin sammála um það. Það er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Amato og Previti, 2003; Thuen og Rise, 2006; Wolcott og Hughes, 1999).

Þegar tilgreindar eru orsakir eftir hjúskaparstöðu kemur í ljós að einhleypir tilgreina oftast framhjáhald maka sem orsök skilnaðar en hinir. Einhleypir tilgreina einnig oftast að maki (oftast) eða hann sjálfur (sjaldnar) hafi orðið ástfanginn af öðrum aðila en hinir. Það á einnig við um spilavanda. Marktækur munur var á þessum tilgreindu orsökum eftir hjúskaparstöðu. Athygli vekur að einhleypir tilgreina oftast framhjáhald maka sem ástæðu skilnaðar en hinir sem gæti bent til þess að þeir sem verða fyrir slíkum svikum og áföllum eiga erfiðara með að aðlaga sig að breyttum aðstæðum.

Áfengis- og vímuefnavandamál maka og andlegt ofbeldi maka voru einnig oftast nefndar sem orsakir hjá þeim sem eru einhleypir.

4.4 Tengslamyndun og skilnaðir

Rannsóknarspurning 3 fjallaði um það hvort munur sé á tengslamyndun eftir núverandi hjúskaparstöðu.

Marktækur munur var á forðunartengslamyndun og kvíðakenndri tengslamyndun hjá þátttakendum eftir hjúskaparstöðu. Þeir sem voru einhleypir mældust hærrí á báðum þessum tengslamyndunum en þeir sem komnir voru í nýtt samband. Þetta er í samræmi við erlendar niðurstöður en þar kom fram að þeir aðilar sem mældust með forðandi tengslamyndun höfðu tilhneigingu til að forðast að fara í nýtt samband og þeir sem mældust með kvíðatengda tengslamyndun voru annað hvort einhleypir eða fóru beint í nýtt samband (Davis, Shaver og Vernon, 2003). Tengslamyndun virðist því hafa áhrif á það hvort fólk fer aftur í nýtt samband eftir skilnað.

4.5 Lífsgæði og heilsa eftir hjúskaparstöðu

Rannsóknarspurning 4 leitaði svara við því hvort munur sé á lífsgæðum eftir núverandi hjúskaparstöðu þátttakenda.

Marktækur munur er á lífsgæðum þátttakenda eftir hjúskaparstöðu. Þeir sem eru í sambandi telja sig búa við meiri lífsgæði en einhleypir. Margar erlendar rannsóknir styðja þessar niðurstöður og sýna að giftir hafi það betra andlega og líkamlega en þeir sem eru einhleypir (Dush og Amato, 2005; Zhang og Hayward, 2006). Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. 1995, kom fram munur á svörum einstæðra foreldra eftir því hvort þeir voru fráskildir eða ekki. Þeir sem voru fráskildir voru meira einmanna, leið verr andlega og bjuggu við lélegri félagslegar aðstæður en þeir einstæðu foreldrar sem ekki voru fráskildir.

5 Lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að helstu vandamál sem fólk tilgreinir sem ástæður skilnaða tengjast hegðun og tilfinningum. Það bendir til þess að aðkoma sálfræðinga og annarra meðferðaraðila sé mjög líkleg til að gagnast fólki í sambandserfiðleikum, að greina vandann og aðstoða við lausn hans. Það á einnig við ef til skilnaðar kemur.

Niðurstöðurnar mætti nýta til upplýsinga fyrir fólk sem er að hefja sambúð eða hjónaband. Erlendis hefur aukist að fólk sækir námskeið fyrir hjónaband og sambúð. Niðurstöður erlendra rannsókna sem fjallaði um samanburð á gæðum hjónabands eftir því hvort að hjón (gift og fraskilin) hefðu sótt námskeið fyrir hjónaband (*premarital education*) voru skýrar. Hjón sem sótt höfðu slík námskeið tilgreindu meiri ánægju í hjónabandi, leystu betur sín ágreiningsmál, voru tengdari maka sínum og höfðu síður skilið en þeir sem ekki höfðu sótt slík námskeið (Stanley, Amato, Johnson og Markman, 2006). Þessar niðurstöður styðja við það að aðkoma fagaðila gagnist þörum.

Mjög líklegt er að þær ástæður sem fólk tilgreinir í þessari rannsókn tengist. Áhugavert er til dæmis að athuga hvaða aðrar ástæður eru tilgreindar hjá þeim hópi sem tilgreinir áfengis-og vímuefnavandamál maka.

Í þessari rannsókn voru lagðir fyrir nokkrir spurningalistar og er hér einungis getið niðurstaðna úr hluta þeirra. Niðurstöður úr þeim spurningalistum sem eftir standa liggja fyrir til frekari úrvinnslu.

Heimildaskrá

- Ainsworth, M. D. S., Blehar, M. C., Waters, E. og Wall, S. (1978). *Patterns of attachment: A psychological study of the strange situation*. Hillsdale, NJ: Erlbaum.
- Amato, P. R. (1996). Explaining the intergenerational transmission of divorce. *Journal of Marriage and the Family*, 58, 628-640.
- Amato, P. R. (2000). Consequences of divorce for adults and children. *Journal of Marriage and the Family* 62, 1269-1287.
- Amato, P. R. og DeBoer, D. D. (2001). The transmission of marital instability across generations: Relationship skills or commitment to marriage? *Journal of Marriage & the Family*, 63, 1038-1051.
- Amato, P. R. og Previti, D. (2003). People's reasons for divorcing: Gender, social class, the life course, and adjustment. *Journal of Family Issues*, 602-626.
- Amato, P. R. og Rogers, S. J. (1997). A longitudinal study of marital problems and subsequent divorce. *Journal of Marriage and the Family*, 59, 612-624.
- Bartholomew, K. (1990). Avoidance of intimacy: An attachment perspective. *Journal of Social and Personal Relationships*, 7, 147-178.
- Bartholomew, K. og Horowitz, L. M. (1991) Attachment styles among young adults: a test of a four-category model. *Journal of Personality and Social Psychology* 61, 226-244
- Barnalög* 4. mgr. 32. gr.
- Barnalög* nr. 76/2003
- Barnalög* nr. 69/2006.
- Booth, A., Amato, P. R. og Johnson, D. R. (1998). *Marital instability over the life course: Methodology report for fifth wave*. Lincoln: University of Nebraska Bureau of Sociological Research.
- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss, Vol. 1: Attachment*. New York: Basic Books.
- Bowlby, J. (1973). *Attachment and loss: Vol. 2. Separation: Anxiety and anger*. New York: Basic Books.
- Bowlby, J. (1979). *The making and breaking of affectional bonds*. London: Tavistock Publications Limited.
- Bowlby, J. (1988). *A secure base: Parent-child attachment and healthy human development*.
- Bramlett, M. D. og Mosher, W. D. (2002). *Cohabitation, marriage, divorce, and remarriage in the United States (Vol. 23)*. Hyattsville, MD: National Center for Health Statistics.

- Brennan, K. A., Clark, C. L. og Shaver, P. R. (1998). Self-report measurement of adult romantic attachment: An integrative overview. Í Simpson, J. A. og Rholes, W. S. (Ritstjórar). *Attachment theory and close relationships*, 46-76. New York: Guilford Press.
- Brennan, K. A. og Shaver, P. R. (1998). Attachment styles and personality disorders: Their connections to each other and to parental divorce, parental death, and perceptions of parental caregiving. *Journal of Personality*, 66, 835-878.
- Campbell, J. og Soeken, K. L. (1999). Women's responses to battering: A test of the model. *Research in Nursing and Health*, 22, 49-58.
- Cano, A. M. og O'Leary, K. D. (2000). Infidelity and separations precipitate major depressive episodes and symptoms of non-specific depression and anxiety. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 68, 774-781.
- Coleman, L. og Glenn, F. (2009). *When Couples Part: Understanding the Consequences for Adults and Children*. London: One Plus One .
- Davis, J. A., og Smith, T. W. (1994). *General social surveys, 1972-1994: Cumulative codebook*. Chicago: National Opinion Research Center.
- Davis, D., Shaver, P.R. og Vernon, M. L. (2003). Physical, emotional, and behavioral reactions to breaking up: The roles of gender, age, emotional involvement, and attachment style. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 29 (7), 871-844.
- de Vaus, D. (2004). *Diversity and change in Australian families: Statistical profiles* Melbourne: Australian Institute of Family Studies. Sótt 12. maí 2012 af <http://www.aifs.gov.au/institute/pubs/diversity/13marriage.pdf>
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Sótt 12. maí 2012 af http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefing/efni/skyrslur_til_althingis/nr/708
- D'Onofrio, B. M., Turkheimer, E., Emery, R. E., Harden, K. P., Slutske, W. S., Heath, A. C. o.fl. (2007). A Genetically Informed Study of the Intergenerational Transmission of Marital Instability. *Journal of Marriage and Family* 69, 793-809.
- Doss, B., Rhoades, G., Stanley, S. og Markman, H. (2009). Marital therapy, retreats, and books: The who, what, when and why of relationship help-seeking. *Journal of Marital and Family Therapy*, 35, 18-29.
- Du Plessis, K., Clarke, D. og Woolley, C. C. (2007). Secure attachment conceptualizations: The influence of general and specific relational models on conflict beliefs and conflict resolution styles. *An International Journal on Personal Relationships*, 1(1), 25-44.
- Dush, C. M. K. og Amato, P. R. (2005). Consequences of relationship status and quality for subjective well-being. *Journal of Social and Personal Relationships*, 22 (5), 607-627.

- Edda Hannesdóttir og Elsa Inga Konráðsdóttir (2005). *Samvistarslit foreldra. Ákvarðanir foreldra um framtíð barna við skilnað og sambúðarslit: Rannsókn á opinberum gögnum árin 2000, 2002 og 2004*. BA-ritgerð: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.
- Ehlers, A., Clark, D. M., Hackmann, A., McManus, F., og Fennell, M. (2005). Cognitive therapy for PTSD. *Behavior Research and therapy*, 43, 413-431.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF). Unnið fyrir félags- og tryggingarráðuneytið. Sótt: 20. maí 2012 af: <http://www.velferdarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/32562>
- Fjölskyldumiðstöð. (e.d.). *Betra fjölskyldulíf*. Sótt 12. september af <http://www.barnivanda.is/default2.asp?strAction=getPublication&intPublId=79>
- Ford-Gilboe, M., Wuest, J. og Merritt-Gray, M. (2005). Strengthening capacity to limit intrusion: Theorizing family health promotion in the aftermath of woman abuse. *Qualitative Health Research*, 15(4), 477-501.
- Fraley, R. C., Waller, N. G., og Brennan, K. A. (2000). An item-response theory analysis of self-report measures of adult attachment. *Journal of Personality and Social Psychology*, 78, 350-365.
- Fraley, R. C. (2010). *A brief overview of adult attachment theory and research*. Sótt 12. febrúar 2012 á <http://internal.psychology.illinois.edu/~rcfraley/attachment.htm>
- Fuller, T. D. (2010). Relationship status, health, and health behavior: An examination of cohabiters and commuters. *Sociological Perspectives*, 53(2), 221-245.
- Gardner, J. og Oswald A. J. (2006). Do divorcing couples become happier by breaking up? *Journal of the Royal Statistical Society (Series A)*, 169, 319-336.
- Glass, S.P. (2002). Couple therapy after the trauma of infidelity. Í A.S. Gurman og N.S. Jacobson (Eds.), *Clinical handbook of couple therapy* (3rd ed., pp. 488-507). New York: Guilford.
- Gordon, K. C. og Baucom, D. H. (1998). Understanding betrayals in marriage: A synthesized model of forgiveness. *Family process*, 37(4), 425-449.
- Guðrún Hannesdóttir, 2003. *Tímasnaran. Sjónarhóll foreldra og stjórnenda í fyrirtækjum á samhæfingu atvinnu og fjölskyldu*. Lokaritgerð við Háskóla Íslands, félagsvísindadeild.
- Haagensen, M. K. (2011). *Nordic Statistical Yearbook*, 49. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Hagstofa Íslands. (e.d). *Giftingar og skilnaðir*. Sótt 1. nóvember 2011 af <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>
- Hagstofa Íslands. (e.d). *Skólamál*. Sótt 25. maí 2012 af <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Skolamal/Yfirlit>

- Hall, J. H. og Fincham, F. D. (2006). Relationship dissolution following infidelity: The roles of attributions and forgiveness. *Journal of social and clinical psychology, 25*(5), 508-522.
- Hammock, G. og O'Hearn, R. (2002). Psychological aggression in dating relationships: Predictive models for males and females. *Violence and Victims, 17*(5), 525-540.
- Hazan, C. og Shaver, P. (1987). Romantic love conceptualized as an attachment process. *Journal of Personality and Social Psychology, 52*, 511-524.
- Hewitt, B., Western, M. og Baxter, J. (2006). Who decides? The social characteristics of who initiates marital separation. *Journal of Marriage and Family, 68*, 1165-1177.
- Hjúskaparlög nr. 31/1993.*
- Holmes, M. B. og Johnson, K. (2009). Adult attachment and romantic partner preference: A review. *Journal of Social and Personal Relationships, 26*, 833-852.
- Hughes, M. E. og Waite, L. J. (2009). Marital biography and health at mid-life, *Journal of Health and Social Behavior, 50*(3), 344-358.
- Johnson, C. A., Stanley, S. M., Glenn, N. D., Amato, P. A., Nock, S. L., Markman, H. J. o. fl. (2002). *Marriage in Oklahoma: 2001 baseline statewide survey on marriage and divorce*. Oklahoma: Oklahoma Department of Human Services.
- Johnson, H., Ollus, N. og Nevala, S. (2008). *Violence Against Women. An International perspective*. Helsinki: Springer.
- Kerlinger, F., 1986. *Foundations of behavioral research*, (3. útg.), New York: CBS Publishing Japan Ltd.
- Kim, H. K. og McKenry, P. C. (2002). The relationship between marriage and psychological well-being: A longitudinal analysis. *Journal of Family Issues, 23*, 885-911.
- Kirkjan. (e.d.). *Fjölskyldubjónusta kirkjunnar*. Sótt 26. ágúst, 2012 á <http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/>
- Lee, Y. S. og Waite, L. J. (2005). Husbands' and wives' time spent on housework: A comparison of measures. *Journal of Marriage and Family, 67*, 328-336.
- Lehrer, E. L. (2006). *Age at marriage and marital instability: Revisiting the Becker-Landes-Michael hypothesis*. Chicago: University of Illinois.
- Losso, R. (2003). Divorce terminable and interterminable: A psychoanalytic and interdisciplinary approach. *Scandinavian Journal of Psychology, 42*, 9-15.
- Lyngstad, T. H. (2004). The impact of parents' and spouses' education on divorce rates in Norway. *Demographic research 10*, 5, 121-142.

- Main, M., og Goldwyn, R. (1998). *Adult attachment classification system*. Unpublished manuscript. University of California: Berkeley, CA.
- Mattías Guðmundsson og Ólafur Veigar Hrafnsson. (2007). *Prófræðilegir eiginleikar Lífsgæðakvarðans (Qols)*. Óbirt lokaritgerð: Háskóli Íslands, sálfræðideild.
- Neff, L. A. and Karney, B. R. (2007). *Stress Crossover in Newlywed Marriage: A Longitudinal and Dyadic Perspective*. *Journal of Marriage and Family*, 69, 594-607
- Ostermann, J., Sloan, F. A. og Taylor, D. H. (2005). Heavy alcohol use and marital dissolution in the USA. *Social Science & Medicine*, 61(11), 2304-2316.
- Rachman, S. (2010). Betrayal: A psychological analysis. *Behaviour Research and Therapy*, 48(4), 304-311.
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Félagsleg ráðgjöf*. Sótt 12. september 2012 af http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4563/7962_read-22
- Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (2011). Óbirt ársskýrsla.
- Scheinkman, M. (2005). Beyond the trauma of betrayal: Reconsidering affairs in couples therapy. *Family Process*, 44(2), 227-244.
- Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1995). *Barnafjölskyldur: Samfélag – lífsgildi – mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008) Ungmenni og ættartengsl. Reykjavík: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2010). *Skilnaður og jöfn búseta barna. Sýn ömmu og afa*. Í Halldór Sig. Guðmundsson, Ráðstefna í Félagsvísindum XII: Félgasráðgjafardeild. Sótt 29.mái af http://skemman.is/stream/get/1946/6709/18363/1/4959_SigrunJul_SigurveigSig_FELRA_Dbok.pdf
- Simons, J. (1999). Ritgerð. Sótt 9. febrúar 2011 af <http://oneplusone.ntd.co.uk/Publications/ReviewPapers/4%20-%20Theories%20of%20disenchantment.pdf>
- Sonkin DJ 2005. Attachment theory and psychotherapy. *The California Therapist*, 17: 68-77.
- Stackert, R. og Bursik, K. (2003). Why am I unsatisfied? Adult attachment style gendered irrational, relationship, beliefs, and young adult romantic relationship satisfaction. *Personality and Individual Differences*, 34, 1419–1429.
- Stanley, S. M., Amato, P. R., Johnson, C. A., og Markman, H. J. (2006). Premarital education, marital quality, and marital stability: Findings from a large, random, household survey. *Journal of Family Psychology*, 20, 117-126.

- Stefán Hrafn Jónsson, Jón Óskar Guðlaugsson, Haukur Freyr Gylfason og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir. (2011). *Heilsa og líðan Íslendinga 2007: Framkvæmdaskýrsla*. Reykjavík: Lýðheilsustöð. Sótt 10 september 2012 af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11019/Heilsa.og.lidan.Islendinga.2007.Framkvaemdaskyrsla.pdf>
- Sweet, J. A., Bumpass, L. L. og Call, V. A. (1987-1988). *The national survey of families and households*. Madison: University of Wisconsin.
- Sweet, J. A., Bumpass, L. L. og Call, V. A. (1992-1993). *The national survey of families and households*. Madison: University of Wisconsin.
- Syslumenn.is (e.d.). *Hjónaskilnaðir*. Sótt 15. febrúar 2012 af <http://www.syslumenn.is/allir/sifjamal/hjonaskilnadir/>
- Thuen, F. og Rise, J. (2001). Dimensionally of psychosocial responses to marital disruption transitions and mental health: Are there gender differences in the short-term effects of marital status change? *Social science & medicine* 61, 2293-2303.
- Thuen, F. og Rise, J. (2006). Psychological adaption after marital disruption: The effects of optimism and perceived control. *Scandinavian journal of psychology*, 47, 121-128.
- Van Ijzendoorn, M. H. (1995). Adult attachment representation, parental responsiveness, and infant attachment: A meta-analysis on the predictive validity of the adult attachment interview. *Psychological Bulletin*, 117, 387-403.
- Velferðarráðuneytið, 2012. *Ný rannsókn á sviði barnaverndar*. Sótt 24. ágúst af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/33471>
- Wahl, A., Burckhardt, C., Wiklund, I. og Hanestad, B. R. (1998). The Norwegian Version of the Quality of Life Scale (QOLS-N): A validation and reliability study in patients suffering from psoriasis. *Scandinavian Journal of Caring Sciences*, 12(4), 215-222.
- Wang, H. og Amato, P. R. (2000). Predictors of divorce adjustment: Stressors resources and definitions. *Journal of Marriage and Family*, 62(3), 655-668.
- Wei, M., Russell, D. W., Mallincrodt, B. og Vogel, D. L. (2007). The experiences in close relationship scale (ECR)-short form: reliability, validity, and factor structure. *Journal of personality assessment*, 88, 187-204.
- Whisman, M.A., Dixon, A.E. og Johnson, B. (1997). Therapists' perspectives of couple problems and treatment issues in couple therapy. *Journal of Family Psychology*, 11, 361-366.
- Wiederman, M. W. (1997). Extramarital sex: Prevalence and correlates in a national survey. *Journal of Sex Research*, 34(2), 167-174.
- Williams, S. L. og Frieze, I. H. (2005). Patterns of violent relationships, psychological distress, and marital satisfaction in a national sample of men and women. *Sex Roles*, 52, 771-784.

Wolcott, I. og Hughes, J. (1999). *Towards understanding the reasons for divorce*.
Rannsóknarskýrsla nr. 20. Melbourne: Australian Institute of Family Studies.

Zhang, Z. og Hayward, M. D. (2006). Gender, the marital life course, and cardiovascular disease in late midlife. *Journal of Marriage and Family*, 68(3), 639-657.

Viðaukar

Viðauki 1.

Spurningalisti

Orsök skilnaða og sambúðarslita

Dulkóðunarnúmer þitt er efst í horni þessa útprentaða spurningalista og fylgir honum ávallt. Ef könnunin er tekin á netinu þarf að setja þetta dulkóðunarnúmer inn til að geta gert könnunina þar.

SLÓÐIN er: <http://www.kannanir.is/skilnadur>

Þá kemur upp reitur merktur dulkóði og þú setur dulkóðun þína þar inn, alveg eins og hún er á listanum þínum hér efst í hægra horni.

Ef þú tekur könnunina skriflega þá vinsamlegast sendu hana tilbaka í meðfylgjandi svarumslagi merktu:

Edda Hannesdóttir
Pósthólf 12079
132 Reykjavík

Vinsamlegast hafðu í huga að þín reynsla og annarra sem gengið hafa í gegnum skilnað/sambúðarslit getur reynst dýrmæt fyrir börn þessa samfélags og alla þá sem eiga síðar eftir að upplifa samskonar reynslu.

Vakin er athygli á að þátttaka í könnun þessari er með öllu frjáls og engum skylt að taka þátt. Svörin eru algjörlega **ÓREKJANLEG** hvort sem er svarað skriflega eða svarað á netinu. Farið er í öllu eftir reglum Vísindasiðanefndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga. Með því að svara þessum lista þá samþykkir þú að taka þátt í rannsókninni.

Hægt er að vista svörin ef ekki næst að svara öllu samtímis (ef könnunin er tekin á netinu).

Vinsamlegast merktu við þann reit/þá reiti sem við á hverju sinni. Tekið er fram **ÞEGAR** svara má í fleiri en einn reit. Könnuninni er skipt í 10 mislanga hluta. Mikilvægt er að svara þeim öllum og lesa vandlega leiðbeiningar fyrir hvern hluta.

ATHYGLI SKAL VAKIN Á ÞVÍ AÐ HÉR ER ÁVALLT VERIÐ AÐ TALA UM SAMA SKILNAÐINN/SLIT Á ÓVÍÐRI SAMBÚÐ (SAMBÚÐARSLIT) SEM ER SKRÁÐUR/SKRÁÐ ÁRIÐ 2005 EÐA 2006 HJÁ SYSLUMANNINUM Í REYKJAVÍK.

Það tekur um 15 - 20 mínútur að svara þessari könnun.

Vinsamlegast svarið sem fyrst. Skilafrestur er til 4. maí 2011.

Almennar spurningar

1 - Hvort ert þú karl eða kona?
